

Héraðssamband Pingeyinga



Ársskýrsla 2019

Efnisyfirlit

	Bls.
Stjórn, nefndir og ráð HSP 2019-2020	3
Ávarp formanns	4
Skýrsla stjórnar	5
Ársreikningar	7
Skýrslur ráða, nefnda og sjóða	13
Frjálsíþróttaráð	13
Sundnefnd	14
Unglingalandsmótsnefnd HSP	14
Afreksmannasjóður	16
Aksturssjóður	16
Fræðslusjóður	17
Lottótölur HSP	17
Iðkendaölur HSP	18
Starfsskýrslur aðildarféлага	19
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	20
Golfklúbbur Húsavíkur	20
Golfklúbbur Mývatnssveitar	21
Golfklúbburinn Hvammur	21
Golfklúbburinn Gljúfri	21
Golfklúbburinn Lundur	21
Hestamannafélagið Feykir	22
Hestamannafélagið Grani	22
Hestamannafélagið Snæfaxi	23
Hestamannafélagið Þjálfir	23
Íþróttafélagið Magni	24
Íþróttafélagið Völsungur	24
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	28
Skákfélagið Huginn	29
Skotfélag Húsavíkur	29
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	32
Ungmennafélagið Austri	32
Ungmennafélagið Bjarmi	33
Ungmennafélagið Efling	33
Ungmennafélagið Einingin	34
Ungmennafélagið Geisli	35
Ungmennafélag Langnesinga	35
Ungmennafélagið Leifur heppni	36
Heiðranir UMFÍ og ÍSí	37
Íþróttamaður ársins (frá upphafi)	38
Íþróttamenn ársins 2019	39
Lög HSP og reglugerðir sjóða	41

Þökkum styrktaraðilum okkar stuðninginn á árinu



NORÐURÞING



Þingeyjarsveit



Stjórn Héraðssambands Þingeyinga 2019 - 2020

Formaður:	Jónas Egilsson
Varaformaður:	Selmdís Práinsdóttir
Ritari:	Ásdís Inga Sigfúsdóttir
Gjaldkeri:	Stefán Jónasson
Meðstjórnandi:	Jón Sverrir Sigtryggsson
Varamenn í stjórn:	Kristinn Björn Haraldsson Sigfús Hilmir Jónsson

Skoðunarmenn reikninga

Kristján I Jóhannesson

Jón Þórir Óskarsson

Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir

Framkvæmdastjóri: Gunnhildur Hinriksdóttir

Ráð og nefndir HSB 2019 - 2020

Frjálsíþróttaráð

Svanhildur Kristjánsdóttir, formaður

Gunnhildur Hinriksdóttir, gjaldkeri

Guðrún Þórhallsdóttir

Guðni Bragason

Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir

Sundnefnd

Árný Björnsdóttir

Brynja Ingólfssdóttir

Heiða Guðmundsdóttir

Unglingalandsmótsnefnd

Gunnhildur Hinriksdóttir

Jóhanna S. Kristjánsdóttir

Kristín Dögg Jónsdóttir

Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir

Stjórn afreksmannasjóðs

Hermann Aðalsteinsson, formaður

Jón Friðrik Benónýsson

Ágústa Pálsdóttir

Til vara: Kolbrún Ívarsdóttir

Ávarp formanns

Fyrir þinginu að þessu sinni liggja nokkur stór mál sem unnið hefur verið að á starfsárinu. Endurskoðun laga sambandsins hefur tekið drjúgan tíma, en þau þarfnast talsverðar skoðunar til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til laga aðildarsambanda ÍSÍ. Lög félaga HSP þurfa á sama hátt að uppfylla þær kröfur sem lög ÍSÍ kveða á um.

Umtalsverður tími hefur farið í mikilvæga kortlagningu starfsemi aðildarfélaga sambandsins og liggur afurð þeirrar vinnu fyrir þinginu, en þetta er í fyrsta sinn sem sambærileg úttekt er gerð á starfinu hér á svæðinu og þó víðar væri leitað. Samantektin hefur verið send öllum félögum, kynnt sveitarstjórnnum og rædd í Héraðsnefnd Þingeyinga nokkrum sinnum. Hún er því vel kynnt og hefur fengið góðar undirtektir meðal sveitarstjórnarmanna. Bein afurð þessarar vinnu er tillaga sem liggur fyrir þinginu með áætlun um aðgerðir sem miðar að því að efla íþróttastarf innan héraðs, hjá smáum félögum og stórum, fjölmönnum greinum íþróttar og fámönnum og hjá ungum sem öldnum.



Öllum er ljóst mikilvægi góðs og öflugs íþróttastarf. Þeir eru ótrúlega margir sem leggja sitt af mörkum, en ljóst er að búseta manna, hreyfingin sjálf og eðli sjálfbæðisstarfs er að breytast mikið. Starfsemi og skipan félaga í héraðinu þarf að taka mið af því. Við þurfum að taka djarfar ákvarðanir um framtíðarskipan félaga og starfsemi þeirra innan héraðs. Við þurfum að efla fræðslu iðkenda, sjálfbæðisliða og stjórnenda og hafa fyrstu skrefin í því þegar verið tekin. Stjórnin leggur meðal annars til að verkefnasjóður sambandsins verði eflur til muna þannig að um framlög þaðan muni í starfi félaganna. Markmiðið er ekki síst að efla æfingar og þátttöku í mótum sem og samstarf innan héraðs svo dæmi séu tekin.

Eins og þið vitið flest er skipulag íþróttahreyfingarinnar bundið í landslög og lög ÍSÍ. ÍSÍ samnefnari íþróttahreyfingarinnar á landsvísi gagnvart ríkisvaldinu og er fulltrúi Alþjóða Ólympíunefndarinnar á Íslandi. Sér samböndin fara með æðsta vald í einstökum íþróttagreinum, en héraðsambönd og íþróttabandalög eru lögbundinn samstarfsvettvangur íþróttafélaga í héraði. Hlutverk þeirra er að standa bakvið íþróttafélögin, aðstoða þau, samhæfa verkefni og viðburði og hafa eftirlit með þeim og sjá til að lögum ÍSÍ sé framfylgt.

UMFÍ eru mikilvægur hlekkur í íþrótt- og félagskeðjunni og sinnir fyrst og fremst fræðslu- og útbreiðslustarfi undir kjörorðinu „Ræktun lýðs og lands“ og hefur það að markmiði að efla félagslega þáttinn. UMFÍ stendur fyrir fjölmörgum íþrótt- og félagslegum viðburðum eins og til dæmis Landsmótum, sem nú heita Íþróttaveisla, Landsmótum öldunga 50+ og ekki síst Unglingalandsmótum og skapar vídd í hreyfinguna sem ekki væri að öðrum kosti.

HSP er ekki kostnaðarsamur milliliður landssamtakanna og félaganna í héraði, heldur nauðsynlegur hlekkur í þessari íþrótt- og félagskeðju. Sambandið er ekki aðeins fjárhagslegur tengiliður heldur einnig tenging í upplýsingamiðlun og stjórnskipan íþróttahreyfingarinnar og á að miðla upplýsingum og þekkingu.

Íþrótt- og æskulýðsstarf í landinu þarf að efla. Það þekkja allir ávinning þess. Á sama hátt þurfum við að bæta aðstöðu til æfinga- og keppni. Við þurfum að efla fræðslu til iðkenda, stjórnenda og sjálfbæðisliða innan hreyfingarinnar. Í þessu gildir hið fornkvæða, „sameinuð stöndum vér, sundruð föllum vér“.

Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir þinginu og hafa verið kynntar á starfsárinu eiga að auðvelda okkur að taka ákvörðun um það hvernig við viljum haga íþróttastarfinu innan héraðs og opnar fyrir okkur tækifæri þannig að við getum stýrt því hvert við viljum fara, en ekki láta kylfu ráða kasti, þ.e. strauminn eða tilviljanir eingöngu.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og öðrum þeim sem lagt hafa hönd á plóg á starfsárinu fyrir framlag þeirra fyrir HSP og aðildarfélögin. Þetta er ótrúlega mikið og fórnfúst starf sem sjálfbæðisliðar leggja á sig fyrir hreyfinguna. Þetta starf er sorglega vanmetið.

Þá vil ég þakka framkvæmdastjóra sem einnig hefur stýrt vinnu við samantekt á starfsemi félaganna, ritun og gerð skýrslunnar og annarra hluta af einstökum dugnaði og mikilli innsýn í starfið.

Jónas Egilsson, formaður

Skýrsla stjórnar HSB 2019-2020

Árspaning HSB 2019 var haldið í Skjólbrekku 10. mars. Á þinginu voru samþykktar breytingar á lögum HSB þar sem stjórnarmönnum var fækkað úr sjö í fimm ásamt tveimur varamönnum. Í stjórn var endurkjörinn formaður Jónas Egilsson og með honum til tveggja ára Stefán Jónasson og Selmdís Þráinsdóttir. Varamaður til tveggja ára var kosinn Kristinn Björn Haraldsson og varamaður til eins árs Sigfús Hilmiir Jónsson. Aðrir í stjórn eru Jón Sverrir Sigtryggsson og Ásdís Inga Sigfúsdóttir.

Þingið var starfsamt og samþykkti m.a. síðareglur fyrir sambandið og aðildarfélög ásamt viðbragðsáætlun og verklagsreglum vegna aga-, eineltis-, ofbeldis- og kynferðisbrota. Mikilvægt er að slíkar reglur og áætlanir séu til staðar í öllum félögum þannig að hægt sé að taka á og sporna gegn öllu ofbeldi og misnotkun. Þá lýsti þingið ánægju með framlagða stefnu stjórnar „Æfum alla ævi“.

KYNFERÐISLEGT
OFBELDI
OG ÁREITI

Breyting varð að aðildarfélögum HSB á þinginu þegar tvö félög voru skráð úr sambandinu, Boltafélag Húsavíkur og Íþróttafélag Laugaskóla, en hvorugt þessara félaga hafði verið með nokkra starfsemi mörg undanfarin ár og ekki útlit fyrir að starf innan þeirra yrði endurvakið. Þá var aðild Skotfélags Þórshafnar og nágrennis formlega samþykkt og Golfklúbburinn Gljúfri var samþykktur sem virkur klúbbur að nýju á þinginu. Aðildarfélög HSB eru nú í heildina 30, en af þeim eru enn sjö óvirk.

Sex stjórnarfundir voru haldnir á starfsárinu en þess utan hafa formaður og framkvæmdastjóri átt talsverð samskipti og eitthvað var um að mál væru afgreidd með rafrænum samskiptum á milli stjórnarfunda. Sem fyrr var tæknin nýtt og sátu stjórnarmeðlimir fundi ýmist á staðnum eða í gegnum fjárfundabúnað. Skrifstofa HSB keypti aðgang að Office 365 pakkanum sem gefur tækifæri á að nýta rafræn samskipti betur en áður, það verður þó að segjast að það tekur alltaf tíma að læra á nýja tækni. Einn formannafundur var haldinn í haust fyrir svæðið í heild, fámenn en góðmennt var á fundinum og urðu þar góðar umræður. Það þótti nokkuð athyglisvert að af 23 virkum aðildarfélögum voru tólf sem svöruðu ekki fundarboðinu.

Verkefnið „Æfum alla ævi“ tók nokkuð pláss á árinu. Líkt og áður hefur komið fram lýsti þingið ánægju sinni með stefnunna. En út frá samræðum sambandsins við Héraðsnefnd varðandi stuðning og aðkomu sveitarfélaganna var ákveðið að endurskipuleggja þyrfti áherslur í verkefninu. Framkvæmdastjóra var falið að gera úttekt og skrifa skýrslu um stöðu HSB og aðildarfélaga þess. Vegna dræmra undirtekta við upplýsingagjöf frá félögum árinu áður var fallið á það ráð að lesa starfsskýrslur aðildarfélaganna undanfarinn áratug eða svo ásamt því að tölfraðilegar upplýsingar úr Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ, voru skoðaðar. Skýrslan hefur þegar verið send aðildarfélögum HSB og sveitarstjórnnum og geta áhugasamir lesið hana á heimasíðu HSB www.hsth.is.

Í samræmi við „Æfum alla ævi“ gekkst sambandið fyrir því að Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri og starfsmaður Þróunar- og fræðsluviðs ÍSÍ var með námskeið um stjórnun íþróttafélaga á sambandssvæðinu. Var námskeiðið haldið bæði á Þórshöfn og á Húsavík á haustdögum. Námskeiðið var gagnlegt og þátttakendur áhugasamir en það er að mörgu að huga þegar kemur að íþróttum - og ungmennafélögum og starfinu þar í kring. Unnið var að því að tryggja betri fjárhagslegan stuðning við verkefnið en sótt hefur verið um styrki í ýmsa sjóði og vonandi horfir til betri vegar á þessu ári.



Þátttakendur á námskeiðinu á Húsavík

Starf nefnda

Á síðasta árspaningi var nefndum á vegum sambandsins fækkað og var aðeins kosið í unglingalandsmótsnefnd og sundnefnd. Ákveðið var að hvíla knattspyrnunefnd og íþróttanefnd fullorðinna félagsmanna þar sem störf í þessum nefndum hafa ekki verið mikil. Framkvæmdastjóri sá um að auglýsa Landsmót 50+ í staðarblöðum á svæðinu en það hefur verið helsta hlutverk íþróttanefndar fullorðinna félagsmanna. Almenningsíþróttanefnd var einnig hvíld á árinu, en líkt og kom fram í síðustu skýrslu þarf e.t.v. að skilgreina hlutverk þessara nefnda betur.

Fundir og þing ÍSÍ og UMFÍ

Formaður og framkvæmdastjóri sátu Íþróttaping ÍSÍ í Reykjavík maí. Þar voru ýmis mikilvæg mál til umfjöllunar og samþykkt. Ber þar helst að nefna áskorun til sambandsaðila ÍSÍ að vinna að jafnrétti í öllu íþróttastarfi og að vinna gegn einelti, kynferðislegri áreitni og öllu ofbeldi. Þá var bent á að lög um rafrettur tóku gildi á árinu og banna notkun rafretta í húsakynnum ætluðum til félags-, íþrótt- og tómstundastarfs barna og ungmenna. Lögum ÍSÍ var breytt og er það nú komið í lög þeirra að óheimilt er að velja einstaklinga sem vitað er til að hafi hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga til starfa innan íþróttahreyfingarinnar og gildir þetta bæði um þá sem starfa sem sjálfboðaliðar eða eru launþegar. Félögin á sambandssvæði HSP þurfa að innleiða margt af þessu.

Framkvæmdastjóri UMFÍ hefur í fréttum á árinu bent á þessa áskorun íþrótt- og ungmennafélaga að geta sótt upplýsingar um refsidóma á einfaldan hátt. Félögin geta, í gegnum Héraðssambandið og UMFÍ, sótt upplýsingar í sakaskrá sér að kostnaðarlausu og er bent á að setja sig í samband við skrifstofu HSP fyrir aðstoð.

Sambandsþing UMFÍ var haldið í október á Laugarbakka og sátu það formaður og þrír fulltrúar úr stjórn ásamt framkvæmdastjóra HSP. Helsta mál þingsins var aðild íþróttabandalaga að UMFÍ og var innganga þeirra samþykkt. Þetta mun þó ekki hafa áhrif á lottóúthlutun frá UMFÍ að sinni en girt var fyrir það með breytingum á lottóreglugerð.

UMFÍ stóð fyrir skoðunar og fræðsluferð til Kaupmannahafnar í maí og fóru gjaldkeri og framkvæmdastjóri HSP í ferðina. Ferðin var mjög vel heppnuð og fjölmargt sem þátttakendur fengu kynningu á. Sem dæmi var hugmyndafræði um uppbyggingu íþróttamannvirkja (sjá dæmi á en.loa-fonden.dk), ýmis verkefni sem DGI (danska UMFÍ) er að vinna að, og fyrirlestrar um ýmsar áskoranir íþróttafélaga og klúbba.

Aðildarfélög HSP

Framkvæmdastjóri hefur verið að safna lögum aðildarfélaga HSP en skv. lögum ÍSÍ er eitt hlutverka íþróttahéraða að halda utan um og staðfesta lög aðildarfélaga sinna. Þetta hefur gengið ágætlega þó enn eigi einhver félög eftir að finna og skila lögum sínum. Þá má minna aðildarfélög á að senda aðalfundarboð sín einnig til skrifstofu HSP.

Tveir fundir hafa verið haldnir með ungmennafélögum í Öxarfjarðarhéraði um framtíð íþróttamála svæðinu og mun framhaldið vonandi lyfta starfinu aftur upp. Verkefnið Æfum alla ævi er hér mikilvægt en það felur einmitt í sér að styðja og styrkja félögin svo starf þeirra nái að blómstra. Það er einlæg von stjórnar að aðildarfélög HSP beri gæfu til þess að standa áfram með verkefninu og þannig náum við að gera starf í héraðinu betra og meira.

F.h. stjórnar, Jónas Egilsson



Glæsilegir þátttakendur frá HSP á unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn 2019



Héraðssamband Þingeyinga

Ársreikningur 2019

Áritun stjórnar HSP

Meðfylgjandi er ársreikningur fyrir Héraðssamband Þingeyinga fyrir árið 2019. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2019 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2019 ásamt skýringum. Undirrituð, fyrir hönd stjórnar Héraðssambands Þingeyinga, staðfestum hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2019.

Í mars 2020,

Stjórn HSP

Jónas Egilsson [sign]

Selmdís Þráinsdóttir [sign]

Stefán Jónasson [sign]

Ásdís Inga Sigfúsdóttir [sign]

Jón Sverrir Sigtryggsson [sign]

Áritun þingkjörinna skoðunarmanna

Undirritaðir, þingkjörnir skoðunarmenn Héraðssambands Þingeyinga, höfum farið yfir ársreikning sambandsins fyrir fjárhagsárið 2019. Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum við til að hann verði samþykktur.

Hroddursskómun 22.02.20

Staður og dagsætning

Andriður 1. Jóhannesson
Jón Þ. Óskarsson

Rekstrarreikningur 2019

Aðaldeild

Rekstrartekjur		2019	2018
Framlög og styrkir	1	15.151.958	13.880.277
Aðrar tekjur	2	2.284.225	1.954.000
		<u>17.436.183</u>	<u>15.834.277</u>

Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	3	3.678.702	4.702.219
Laun og launat.gj. Æfum alla ævi		3.678.701	
Styrkir til félaga	4	8.081.532	7.237.966
Áhöld, tæki, búningar	5	656.492	-
Þátttaka í mótum	6	170.021	340.065
Verðlaun, bikarar og annar mótakostn.		-	148.008
Húsaleiga / rekstur mannvirkja		120.000	180.000
Rekstur skrifstofu	7	1.672.677	1.915.901
Kynning, fræðsla, útbreiðsla	8	1.555.089	593.494
Önnur gjöld	9	53.844	36.134
		<u>19.667.058</u>	<u>15.153.787</u>

Hag/Tap án fjármagnsliða	-	2.230.875	680.490
---------------------------------	----------	------------------	----------------

Fjármagnsliðir

Vaxtatekjur		214.228	129.468
Vaxtagjöld		-	4.492
		<u>214.228</u>	<u>124.976</u>

Hag/Tap ársins	-	2.016.647	805.466
-----------------------	----------	------------------	----------------

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir		2019	2018
Fastafjármunir			
Áhöld og tæki	10	1.484.279	1.484.279
		1.484.279	1.484.279
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		866.343	1.272.401
Vörubirgðir		1.230.058	1.205.727
Handbært fé		12.675.165	13.599.693
		14.771.566	16.077.821
Eignir samtals		16.255.845	17.562.100

Eigið fé og skuldir

Eigið fé		2019	2018
Óráðst. eigið fé 01.01.		13.551.739	12.746.273
Hag / Tap ársins	-	2.016.647	805.466
		11.535.092	13.551.739
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		28.480	143.208
Ógreitt LOTTÓ til félaga		4.401.495	3.672.849
Ógreitt v/starfsfóks		290.778	194.304
		4.720.753	4.010.361
Skuldir og eigið fé samtals		16.255.845	17.562.100

Skýringar

Rekstrartekjur

1 Framlög og styrkir

	2019	2018
Lottó ÍSÍ og UMFÍ	9.882.830	9.361.203
Áheitasala 1x2	188.200	173.808
Rekstrarstyrkir frá Sveitarfélögum	3.401.360	3.132.000
Útbreiðslust./ósóttir vinningar ÍSÍ	771.032	563.266
Ferðastyrkir	118.536	-
Styrkir v. ULM	255.000	100.000
Styrkir ýmis fyrirtæki	35.000	350.000
Styrkir v. Æfum alla ævi	500.000	200.000
	15.151.958	13.880.277

2 Aðrar tekjur

Skattar félaga	1.610.000	1.800.000
Leiga HSP tjaldí	165.000	145.000
Sala búninga	509.225	5.000
HSP-bókasala	-	4.000
	2.284.225	1.954.000

Rekstrargjöld

3 Laun og launatengd gjöld

Laun	5.973.036	3.803.796
Tryggingagjald	449.422	297.430
Lífeyrissjóður	806.361	488.616
Orlofs- og sjúkrasjóður	98.554	62.767
Aðrir bifreiðastyrkir	30.030	49.610
	7.357.403	4.702.219

4 Styrkir til félaga

Lottó	7.993.396	7.114.456
Ferðastyrkir	88.136	-
	8.081.532	7.114.456

5 Áhöld, tæki og búningar

Búningar	484.206	-
HSP - kerra	172.286	-
	656.492	-

6 Þátttaka í mótum

Ferðakostn. erlendis	149.850	302.470
Þátttökukostn. ULM	20.171	11.882
Ýmis kostnaður v. ULM	170.021	340.065
Kostnaður Landsmót		

7 Rekstur skrifstofu

	2019	2018
Sími	29.190	31.960
Ritföng	16.142	20.733
Prentun	115.370	
Póstkostnaður	12.960	6.371
Funda- og þingkostnaður	466.071	775.150
Ferðakostnaður stjórnar	87.711	124.814
Ferðak. Fundir/Þing UMFÍ og ÍSÍ	399.304	222.946
Kaffikostnaður og risna	-	27.325
Gjafir til starfsmanna ofl.	-	19.980
Tölvukostnaður	41.797	27.061
Annar skrifstofukostnaður / augl	4.600	4.650
Bókhald og endurskoðun	317.040	417.315
Auglýsingakostnaður	182.492	237.596
	1.672.677	1.915.901

8 Kynning, fræðsla, útbreiðsla

Námskeiðskostn. Og fræðsluefn	20.405	
Fræðslusjóður	178.000	93.494
Ferðakostnaður v/námskeiða	150.000	
Æfum alla ævi	152.252	
A feskunnastjóður	500.000	-
Akstursjóður	54.432	123.510
Styrkir Fjálsíþr.ráð	500.000	500.000
	1.555.089	717.004

9 Önnur gjöld

Þjónustugjöld VISA/EURO	160	320
Þjónustugjöld banka	6.555	7.575
Fjármagnstekjuskattur - greiddur	47.129	28.239
	53.844	36.134

10 Áhöld og tæki

Tjald - Aðaldeild	53.261	53.261
Skrifstofubúnaður - aðaldeild	526.934	526.934
Skrifstofuhúsgögn - Aðaldeild	23.016	23.016
Tímatökutæki - Aðaldeild	611.068	611.068
Yfirbyggð kerra - Aðaldeild	270.000	270.000
	1.484.279	1.484.279

Friðslíðróttafélag HSP kt. 640409-0610
Rekstrarreikningur 2019

Bókh. lyklar	Skýringar	2019	2018
11000-14999	1 Framlög og styrkir	587.274	660.212
15000-16999	2 Tekjur af mótum	252.000	166.050
22000-29999	3 Aðrar tekjur	1.223.883	3.053.832
	Samtals	2.063.157	3.880.094
	Gjöld	kr.	kr.
31000-34999	4 Verktakagreiðslur þjálfara	-1.679.200	-1.783.300
37000-39999	5 Áhöld og tæki	-30.243	0
40000-44999	6 Þátttaka í mótum	-352.868	-948.006
45000-47999	7 Kostnaður v/ mótahalds	-70.867	-114.356
48000-52999	8 Rekstur mannvirkja	-86.250	
53000-55999	9 Rekstur v/ yfirstjórnar	-24.625	
62000-62999	10 Kostnaður v/ vörusölu	0	-484.738
65000-74999	11 Önnur gjöld	-140.290	-56.921
	Samtals	-2.384.343	-3.387.321
	Hagnaður (tap) án fjármagnslíða	-321.186	492.773
	Fjármagnslíðir		
	Vaxtatekjur	21.262	
	Vaxtagjöld	-5.355	-115
	Samtals	15.907	-115
	Hagnaður (tap) ársins:	-305.279	492.658

13.2.20 Gunnhildur H.
gjaldkeri
122274-4939

Friðslíðróttafélag HSP kt. 640409-0610
Efnahagsreikningur 2019

Bókh. lyklar	Eignir	2019	2018
81000-84999	Fastafjármunir	0	0
85000-89998	Veltufjármunir		
	Vörubirgðir	17.892	5.892
	Viðskiptakröfur	0	12.000
	Handbaert fé		
	1110-05-400575	505.745	811.129
	1110-05-403575	114.607	114.502
	Samtals	638.244	943.523
	Skuldir og eigið fé	kr.	kr.
91000-91999	Óráðstafað eigið fé þann 1	943.523	450.865
	Hagnaður (tap) ársins	-305.279	492.658
92000-99998	Skammtímaskuldir		
	Viðskiptaskuldir	0	0
	Samtals	638.244	943.523

Skýringar	2019	2018
1 Ferðast.ísl	87.274	500.000
Styrkir HSP	500.000	160.212
Styrkur FRI+ aðrir styrkir	0	166.050
2 Þáttgjöld	252.000	1.976.395
3 Æfingagjöld	1.049.283	46.200
Tekjur v/æf. bóða, námsk. öfl.	46.200	128.400
Ferðak. og gist. á mót	128.400	604.257
Soppa	0	62.000
Æfingafatnaður	0	411.180
4 Verktakagreiðslur þjálfara	-1.679.200	-1.783.300
5 Íþróttahöld (málbond, veitur, o.þ.h.)	-30.243	
6 Rútukostnaður / bílaleigubílar	-163.268	
Gisting	-12.100	
Þátttökugjöld	-177.500	-948.006
7 Verðlaunapeningar	-66.600	-114.356
Annar mótahaldskostnaður (skot)	-4.267	
8 Húsaleiga Laugar	-86.250	
9 Ritföng og reikn. bækur	-3.990	
Postkostnaður	-2.806	
Auglýsingar	-17.829	
10 Sjoppa		-48.242
Æfingafatnaður		-436.496
Breyting vörubirgða/afskriftir		
11 Þjónustugjöld banka	-9.290	
Iðkengagjöld FRI	-131.000	
Annar kostnaður		-56.921

13/2'20 Skoðað
Ragnhildur Þórh.
kt 291270-3449

Skýrslur ráða, nefnda og sjóða

Frjálsíþróttaráð HSP

Frjálsíþróttaráðið 2019 gekk ágætlega fyrir sig. Aðalfundur frjálsíþróttaráðs var haldinn þann 24. mars 2019 og komu þá nýir aðilar í stjórn ráðsins sem var þannig skipað: Svanhildur Kristjánsdóttir formaður, Gunnhildur Hinriksdóttir gjaldkeri, Guðrún Þórhallsdóttir, Guðni Bragason og Ólína I. Jóhannesdóttir.

Æfingum fyrir 11 ára og eldri var haldið úti á Húsavík og á Laugum einu sinni í viku á vorönn undir nafni frjálsíþróttaráðs og tvisvar í viku á Laugum yfir sumarið. Á haustönn hafa æfingar verið undir nafni ráðsins á Húsavík, tvisvar sinnum í viku fyrir yngri hóp og tvisvar sinnum í viku fyrir eldri hóp. Þjálfarar voru Selmdís Þráinsdóttir og Gunnhildur Hinriksdóttir.

Fjöldmörg mót voru á dagskrá á s.l. ári og verður það helsta tíundað hér á eftir:

Fyrsta mót ársins var Stórmót ÍR helgina 19.-20. janúar. Frjálsíþróttaráð hefur reynt að fara í hópferð með stóran hóp iðkenda á þetta fjölmenna og skemmtilega mót sem yfirleitt er fyrsta mótið í annars þétta skipulagi innanhússmóta. Leigð var smárúta sem Arngrímur á Granastöðum stýrði og var gíst í Laugalækjarskóla, einhverjir fóru einnig á eigin vegum. Þrettán keppendur voru skráðir frá HSP og áttu flestir gott mót og nældu sér m.a. í ein gullverðlaun (Elísabet Ingvarsdóttir, 600m) og þrenn bronsverðlaun (Þórhallur Arnórsson, kúluvarp og Hlynur Aðalsteinsson, 1500m og 3000m) auk allra annarra bætinga sem áttu sér stað.

Næstu mót á dagskrá voru Meistaramót Íslands innanhúss í 11-14 ára og 15-22 ára flokkum og MÍ aðalhluti. Fulltrúar frá HSP tóku þátt í öllum þessum mótum þó svo að ekki hafi verið um skipulagðar hópferðir að ræða. Ágætis uppskera náðist þrátt fyrir að þátttakendur frá HSP væru ekki margir. Einn íslandsmeistaratitill kom í hlut keppanda frá HSP en það var Elísabet Ingvarsdóttir sem vann 600m hlaup 11 ára stúlkna. Hún náði einnig bronsi í 60m hlaupi 11 ára stúlkna og Halldór Tumi Ólason hlaut silfurverðlaun í langstökki 18-19 ára pílta auk þess sem hann náði 4. sæti í langstökki á MÍ aðalhluta.

Marsmót HSP var haldið 24. mars á Húsavík. Þar er keppt í spretthlaupum, atrennulausum stökkum, hástökki, kúluvarpi, 600/800m hlaupum auk þrautakeppni fyrir yngri krakka. Tuttugu og sjö ferskir þátttakendur voru mættir og áttu skemmtilegan dag með fjöldmörgum bætingum. Akureyrarmót UFA var svo síðasta innanhússmót tímabilsins í lok apríl.

Yfir sumarið voru fjöldmörg mót í boði sem keppendur HSP tóku þátt í. Frjálsíþróttaráð stóð fyrir tveimur mótum, Vorkastmót HSP var haldið á Laugavelli í maí og Sumarleikar HSP voru haldnir á Laugavelli 6.-7. júlí. Á sumarleikana hafa jafnan



Yngstu keppendur á Marsmóti HSP 2019



Elísabet með gull í 600m á MÍ

komu þátttakendur frá nágrannahéruðum s.s. UÍA, UFA, UMSS og USAH, og þetta sinnið kom einnig hópur frá ÍR sem setti sannarlega svip á mótið og hefur fjöldi keppenda 16 ára og eldri ekki verið meiri í nokkur ár.

Árangur á mótum sumarsins var ágætur þrátt fyrir að þátttakendur væru ekki margir. Á meistaramótum sumarsins náðist í nokkur verðlaunasæti: Elísabet Ingvarsdóttir hélt uppteknum hætti og vann íslandsmeistaratitil í 600m hlaupi 11 ára stúlkna, Hafþór Höskuldsson varð í öðru sæti í bæði hástökki og spjót-kasti 14 ára pílta, Erla Rós Ólafsdóttir varð í öðru sæti í spjót-kasti 16 ára stúlkna og Natalía Sól Jóhannsdóttir varð í 3. sæti í sleggjukasti 16-17 ára stúlkna.

Unglingalandsmót UMFÍ var á sínum stað um verslunarmannahelgina og aftur var árangur flottur. Unglingalandsmótsmeistarar urðu Elísabet Ingvarsdóttir í 600m hlaupi og þristökki 11 ára stúlkna, Halldór Tumi Ólason í 100m, langstökki og þristökki 18 ára pílta, Arney Dagmar í hástökki 14 ára stúlkna og Erla Rós Ólafsdóttir í spjót-kasti 18 ára stúlkna. Fjöldmörg önnur verðlaun komu í hlut keppenda HSP auk bætinga sem alltaf eru samt bestu verðlaunin.

Frjálsíþróttasumrinu lauk á Akureyrarmóti UFA í ágúst en samhlíða því var Meistaramót Íslands í fjölþrautum haldið þar sem HSP átti þrjá fulltrúa, þau Eyhildi, Arneyju og Hafþór. Það var ágæt upplifun þrátt fyrir að veðrið hafi ekki verið upp á sitt besta. Síðasta mót ársins var síðan innanhússmót í Boganum á Akureyri í lok nóvember þar sem nokkrir keppendur nýttu tækifærið og náðu góðum bætingum í sínum aldursflokkum áður en nýtt ár rúllaði yfir.

Þrjár stúlkur voru valdar í Úrvalshóp FRÍ fyrir árangur sinn á árinu, þær Auður Friðrika Arngrímsdóttir fyrir kringlukast (31,23m), Erla Rós Ólafsdóttir fyrir spjótkast (40,86m) og Natalía Sól Jóhannsdóttir fyrir sleggjukast (40,93m). Árangrar Erlu og Natalíu voru jafnframt héraðsmet í 16-17 ára aldursflokkum skv. okkar bestu vitund en okkur þykir nauðsynlegt að héraðsmetaskrá HSP sé uppfærð og aðgengileg á heimasíðu HSP. Besta afrek ársins átti Halldór Tumi Ólason fyrir langstökk, 6,43m og var hann tilnefndur til Íþróttamanns HSP fyrir árangur sinn á árinu.



Halldór Tumi í háloftunum á Sumarleikum HSP 2019. Mynd Jónas Reynir Helgason.

Sundnefnd HSP

Á ársþingi 2019 var samþykkt ný reglugerð um Héraðsmót í sundi og samkvæmt henni á að halda mótið á vor mánuðum þegar vænta má hlýrra veðurs heldur en er á haustin. Því miður féllu hlutirnir þannig að sundnefndin sá sér ekki fært að halda héraðsmótið þetta árið.

Unglingalandsmótsnefnd HSP

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Höfn í Hornafirði um verslunarmannahelgina. Unglingalandsmótsnefnd HSP skipuðu þær Gunnhildur Hinriksdóttir, Jóhanna S. Kristjánsdóttir, Kristín Dögg Jónsdóttir og Ólína I. Jóhannesdóttir. Nefndin fundaði einu sinni að vorinu og ákvað skipulag og deildi verkefnum á milli sín. Staðlað bréf var útbúið til þess að senda til fyrirtækja og óska eftir styrkjum vegna ULM. Skólastjórnendur á svæðinu voru beðnir að senda upplýsingapóst á foreldra 11 ára barna þar sem landsmótið var kynnt stuttlega og fjölskyldur hvattar til þátttöku og mótið var auglýst í staðarmiðlum (Hlaupastelpan, Skegjan, Húsöndin, Skráin). Fésbókarhópur var stofnaður „HSP á unglingalandsmóti“ til þess að reyna að auðvelda samskipti, skipulag og upplýsingagjöf.

Upphaflega var ákveðið að fara með samkomutjald HSP á landsmótið og senda það með flutningabíl. Það reyndist í lokin ekki fýsilegur kostur, bæði vegna kostnaðar og umstangs að koma tjaldinu á réttum tíma til baka, en einnig þar sem þátttakendur voru ekki of margir. Farið var með nýja kúltjald HSP og þar sett upp ljósasería og kakóaðstaða (hraðsuðukatlar, swiss miss og senseo-kaffivél). Það reyndist vel og hefði stóra tjaldið ólíklega komist fyrir á tjaldsvæði HSP.



Þrjátíu og sjö keppendur og fjölskyldur þeirra mættu á ULM á Höfn að þessu sinni. Á mótssetningunni og í raun alla mótsdagana skörtuðu keppendur nýjum peysum frá Jako sem þeim voru afhentir að kostnaðarlausu en Sparisjóður Suður-Þingeyinga veitti HSP veglegan styrk til kaupa á peysunum. Einnig voru keppendum afhentir HSP-bolir sem pantaðir voru frá Sport-ID á Akureyri.



Það má með sanni segja að keppendur og fylgifiskar hafi verið bæði sjálfum sér, félögum sínum og HSP til mikils sóma, hvort sem var í keppni, utan valla eða á tjaldsvæðum mótsins og var félaginu afhentur Fyrirmyndarbikar UMFÍ í mótslok fyrir framgöngu og hátterni okkar fólks á mótinu og mótssvæðinu. Fjölmörg verðlaun komu í hlut keppenda HSP á mótinu og fimm þátttakendur urðu unglíngalandsmótsmeistarar í sínum greinum:

Arney Dagmar Sigurbjörnsdóttir	Hástökk 14 ára stúlkna
Elísabet Ingvarsdóttir	600m og þrístökk 11 ára stúlkna
Erla Rós Ólafsdóttir	Spjótkest 18 ára stúlkna
Halldór Tumi Ólason	Langstökk, þrístökk og 100m 18 ára drengja
Hilmar Örn Sævarsson	Pílukest 11-18 ára drengja

Keppnisgjöld þátttakenda voru niðurgreidd um kr. 4.050,-. Styrktaraðilum ULM 2019 viljum við færa hinar bestu þakkir fyrir stuðningurinn en styrktaraðilar okkar í ár voru: Sparisjóður Suður-Þingeyinga, Jarðböðin, Ísfélagið, Landsbankinn, Geir útgerð og Verkalýðsfélag Þórshafnar.



Afreksmannasjóður HSP 2019

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan HSP sem náð hafa framúrskarandi árangri í sinni íþrótt. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn einu sinni á síðasta ári en umsóknir og úthlutanir úr sjóðnum geta farið fram á hvaða árstíma sem er. Engar umsóknir bárust stjórn Afreksmannasjóðs HSP fyrir árið 2018. Staða sjóðsins í árslok 2018 var kr. 1.405.171,-.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan HSP sem náð hafa framúrskarandi árangri í sinni íþrótt. Auglýst var eftir umsóknum í sjóðinn tvisvar sinnum á sl. ári en umsóknir og úthlutanir úr sjóðnum geta farið fram á hvaða árstíma sem er. Fjórar umsóknir bárust í sjóðinn á árinu að upphæð samtals kr. 800.000,-. Einni umsókn var hafnað á grundvelli þess að hún uppfyllti ekki ákvæði reglugerðarinnar en samþykkt var að styrkja þrjár umsóknir. Í stjórn Afreksmannasjóðs 2019 voru: Hermann Aðalsteinsson, Jón Friðrik Benónýsson og Ágústa Pálsdóttir.

Eftirfarandi fengu úthlutanir úr sjóðnum 2019:

Upphæð	Aðili
200.000 kr.	Blakdeild Völsungs vegna árangurs í úrvalsdeild kvenna í blaki
200.000 kr.	Mfl. kvenna í knattspyrnu hjá Völsungi vegna árangurs í á tímabilinu.
100.000 kr.	Mfl. karla í knattspyrnu hjá Völsungi vegna starfs á tímabilinu.

Aksturssjóður HSP 2019

Tilgangur aksturssjóðs er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglunga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSP í skipulögðum íþróttæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSP.

Auglýst var þrisvar sinnum eftir umsóknum í sjóðinn, vegna aksturs á vor- sumar- og haustönn 2019. Stjórn HSP tók að sér sjóðsstjórn og setti sér viðmiðunartölu 24 kr. per ekinn kílómetra. Fimm umsóknir bárust á vorönn vegna aksturs átta iðkenda á æfingar. Aðeins tvær umsóknir voru samþykktar og önnur aðeins að hluta en umsóknum var hafnað vegna þess að vegalengd milli heimasvæðis og æfingafélags féll utan marka reglugerðarinnar og einni umsókn var hafnað þar sem sjóðurinn styrkir ekki æfingar hjá félagi utan héraðs eða keppnisferðir. Engar umsóknir bárust vegna æfinga á sumarönn og þrjár umsóknir bárust vegna æfinga á haustönn sem voru allar samþykktar. Alls voru kr. 107.328,- úthlutað vegna 4472 km aksturs á árinu. Staða sjóðsins í árslok 2018 var kr. 699.064,-.

Eftirfarandi úthlutanir voru gerðar úr sjóðnum 2019:

Æfingar sóttar	Akstur	Fj. þátt.	Eknir km	Styrkuppþæð
1. úthlutun				54.432,-
Laugar, Frjálsíþróttaráð HSP	Þórshöfn – Laugar	1	1584	38.016,-
Umf. Efling, sund	Mývatnssveit – Laugar	1	684	16.416,-
2. úthlutun				0,-
3. úthlutun				52.896,-
Umf. Efling, sund	Mývatnssveit—Laugar	1	836	20.064,-
Umf. Efling, sund	Mývatnssveit—Laugar	1	608	14.592,-
Umf. Efling, sund	Mývatnssveit—Laugar	1	760	18.240,-

Fræðslusjóður HSP 2019

Tilgangur Fræðslusjóðs HSP er að stuðla að aukinni menntun og þekkingu félaga innan HSP með því að styrkja þá til þess að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótt- og félagslífi í héraðinu til framdráttar. Á ársþingi HSP 2019 var samþykkt breyting á reglugerð Fræðslusjóðs HSP í þá veru að framlag HSP í sjóðinn skv. samþykktum ársþings var hækkað í kr. 150.000 að lágmarki og að úthlutun úr sjóðnum færi aðeins fram einu sinni á ári. Fræðslusjóður starfaði eftir breyttri reglugerð á árinu og var auglýst eftir umsóknum í sjóðinn um mánaðarmótin ágúst/september. Umsóknarfrestur skv. reglugerð var 15. nóvember. Að þessu sinni bárust umsóknir í sjóðinn vegna námskeiðskostnaðar sex þjálfara að heildarupphæð kr. 178.000,-. Aðalstjórn HSP úthlutar úr sjóðnum og ákvað á fundi sínum að veita aukalega kr. 28.000,- í sjóðinn og styrkja alla þjálfara um fullan námskeiðskostnað.

Eftirfarandi fengu úthlutanir úr sjóðnum 2019:

Nafn	Félag	Námskeið	Styrkupphæð
Jónas Halldór Friðriksson	Völsungur	KSÍ IV	25.000 kr.
Aðalsteinn Jóhann Friðriksson	Völsungur	KSÍ Afreksþjálfun unglinga	60.000 kr.
Akil Defreitas	Völsungur	Þjálfaranámskeið I	21.000 kr.
Guðrún Þóra Geirsdóttir	Völsungur	Þjálfaranámskeið I	21.000 kr.
Óskar Páll Davíðsson	Völsungur	Þjálfaranámskeið I	21.000 kr.
Ágústa Lind Jóhannesdóttir	Umf. Langnesinga	ÍSÍ 1. stig	30.000 kr.
Samtals			178.000 kr.

Lottógreiðslur til aðildarféлага vegna ársins 2019

	Mæting á þing	# lökendum 6-17 ára	# Félagar 18+	Þingfulltrúar 15%	lök. 6-17 ára 70%	Fél. 18+ 15%	Samtals Lottó	Skattur Til HSP
	2019	Felix 2019	Felix 2019	1.199.009	5.595.377	1.199.009	7.993.396	1.610.000
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	2/2	0	48	40.644	0	19.529	60.174	24.000
Golfklúbbur Húsavíkur	3/4	6	108	60.967	37.637	43.941	142.544	53.000
Golfklúbbur Mývatnssveitar	1/1	0	13	20.322	0	5.289	25.611	13.000
Golfklúbburinn Gljúfri	1/1	0	10	20.322	0	4.069	24.391	0
Golfklúbburinn Hvammur	0/1	(3)	22	0	0	0	0	14.000
Golfklúbburinn Lundur	0/3	(0)	(54)	0	0	0	0	45.500
Hestamannafélagið Feykir	2/2	7	52	40.644	43.910	21.157	105.711	32.500
Hestamannafélagið Grani	4/4	88	79	81.289	552.010	32.142	665.441	53.000
Hestamannafélagið Snæfaxi	2/2	14	67	40.644	87.820	27.259	155.724	36.000
Hestamannafélagið Þjálfí	3/3	57	91	60.967	357.552	37.024	455.543	47.000
Íþróttafélagið Magni	3/5	41	158	60.967	257.187	68.352	386.505	81.000
Íþróttafélagið Völsungur	9/9	396	1110	182.900	2.484.046	451.612	3.118.558	546.500
Mývetningur	5/5	50	153	101.611	313.642	62.249	477.502	82.000
Skákfélagið Huginn	2/9	57	336	40.644	357.552	136.704	534.901	178.500
Skotfélag Húsavíkur	1/2	0	66	20.322	0	26.853	47.175	32.500
Skotfélag Þórshafnar og nág.	0/1	(0)	25	0	0	0	0	0
Umf. Austri	0/2	(12)	(59)	0	0	0	0	31.500
Umf. Bjarmi	3/3	23	90	60.967	144.275	36.617	241.859	48.000
Umf. Efling	5/5	79	158	101.611	495.555	64.284	661.449	67.500
Umf. Einingin	2/2	1	54	40.644	6.273	21.970	68.888	28.000
Umf. Geisli	1/3	0	67	20.322	0	27.259	47.582	48.500
Umf. Langnesinga	8/8	63	210	162.578	395.189	85.440	643.207	113.000
Umf. Leifur Heppni	2/2	10	67	40.644	62.728	27.259	130.632	35.000

Þróun iðkenda fjölda í einstökum greinum innan HSP

Hér má líta á þróun fjölda iðkenda (allir) eftir greinum innan HSP sem unnið er upp úr innsendum skýrslum félaga í FELIX, félagatal ÍSÍ og UMFÍ og frá Skákfélaginu.

Grein	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019
Blak	43	105	119	170	150	171	178	199	257	211
Bogfimi			9	10	12	13	16	11	20	5
Bridge	17	16	13	13	12	12	12	12	10	10
Frjálsíþróttir	158	218	192	143	114	75	63	77	112	131
Fimleikar	83	98	48	39	24	53	61	87	37	90
Glíma	6	6	5	5	5	4	4	4	4	4
Golf	258	308	284	253	281	255	257	241	263	216
Hjólreiðar	8	8	8	14	8	8	8	2	7	0
Handbolti	48	15	61	88	102	44	34	104	68	69
Karate	4	4	4	4	4	4	4	4	4	4
Körfubolti	12	15	15	32	24	18	6	3	3	0
Knattspyrna	493	509	461	485	419	442	373	527	523	527
Hestamenn	275	392	389	410	418	408	405	413	474	448
Leiklist	20	20	39	29	23	23	23	23	23	45
Mótorhjól og snjósleðar	36	37	40	50	51	51	51	51	45	45
Skíði	43	30	37	26	24	23	22	16	9	10
Sund	20	22	40	38	29	20	39	59	20	28
Skotíþróttir	42	42	23	30	31	26	65	65	65	90
Skák				362	371	374	378	390	325	393
Skógrækt	14	14	14	14	13	12	12	8	12	0
Taekwondo								17	19	26
Íþróttir fatlaðra	34	33	33	34	48	53	58	57	62	61
Almenningsíþróttir	29	29	29	119	115	118	60	76	86	91
Þrífpraut		2	3	3	2	2	0	0	0	0
Samtals meðlimir:	1643	1923	1866	2371	2280	2209	2129	2446	2448	2504

Iðkenda fjöldi aðildarfélagas HSP 2016-2019

	2016 17 og y.	2016 18+	2017 17 og y.	2017 18+	2018 17 og y.	2018 18+	2019 17 og y.	2019 18+
Akstursíþr.f. Mývatnssveitar	0	42	0	42	0	36	0	36
Golfkl. Húsavíkur	19	88	12	104	14	105	6	108
Golfkl. Mývatnssveitar	2	16	1	14	1	22	0	13
Golfkl. Gljúfri							0	10
Golfkl. Hvammur	9	23	8	24	6	24	3	22
Golfkl. Lundur	5	95	0	78	0	91	0	54
Hestamannaf. Feykir	3	61	6	51	7	63	7	51
Hestamannaf. Grani	59	69	54	76	94	84	88	78
Hestamannaf. Snæfaxi	10	65	17	69	17	69	14	62
Hestamannaf. Þjálfí	66	72	65	75	60	80	59	89
Mývetningur íþr. og umf.	28	32	5	32	33	60	59	53
Skotf. Húsavíkur	0	65	0	65	0	65	0	65
Skotf. Þórshafnar og nágr.							0	25
Umf. Austri	14	19	5	15	3	27	17	19
Umf. Bjarmi	34	80	14	75	34	89	24	55
Umf. Efling	29	61	69	53	79	71	79	88
Umf. Einingin	8	10	7	13	5	0	1	1
Umf. Gaman og Alvara	6	9	6	9	6	9		
Umf. Geisli	4	11	5	37	5	45	0	24
Umf. Langnesinga	0	0	63	0	63	0	63	0
Umf. Leifur Heppni	21	2	21	2	18	6	10	5
Íþróttafélagið Magni	48	44	48	44	44	61	41	65
Íþróttafélagið Völsungur	383	139	512	260	349	278	436	281
Skákfélagið Huginn	67	311	69	320	47	278	57	336
Samtals	748	1003	987	1458	885	1563	964	1540

Starfsskýrslur aðildarféлага

Aðildarfélög Héraðssambands Þingeyinga 2019

Virk aðildarfélög:	Formaður um áramót 2019/20	Getraunanúmer 1X2
Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar	Júlíus Björnsson	
Golfklúbbur Húsavíkur	Hjálmar Bogi Hafliðason	641
Golfklúbbur Mývatnssveitar	Kristján Stefánsson	662
Golfklúbburinn Gljufri	Marínó Eggertsson	
Golfklúbburinn Hvammur	Sigurður Benediktsson	
Golfklúbburinn Lundur	Pétur Gunnar Ringsted	
Hestamannafélagið Feykir	Salbjörg Matthíasdóttir	
Hestamannafélagið Grani	Bjarki Helgason	
Hestamannafélagið Snæfaxi	Jóhannes Sigfússon	
Hestamannafélagið Þjálfí	Friðrik Jakobsson	
Íþróttafélagið Magni	Þorsteinn Þormóðsson	610
Íþróttafélagið Völsungur	Bergþóra Höskuldsdóttir	640
Mývetningur íþrótt- og ungmennafélag	Jóhanna Jóhannesdóttir	661
Skákfélagið Huginn	Hermann Aðalsteinsson (varaform.)	
Skotfélag Húsavíkur	Kristinn Lúðvíksson	
Skotfélag Þórshafnar og nágrennis	Rúnar Þór Konráðsson	
Ungmennafélagið Austri	Birna Björnsdóttir	675
Ungmennafélagið Bjarmi	Birna Davíðsdóttir	636
Ungmennafélagið Efling	Eva Hjaltalín Ingólfssdóttir	650
Ungmennafélagið Einingin	Sigurlína Tryggvadóttir	642
Ungmennafélagið Geisli	Árni Garðar Helgason	
Ungmennafélag Langnesinga	Almar Marínósson	680
Ungmennafélagið Leifur heppni	Salbjörg Matthíasdóttir	671
Óvirk aðildarfélög:		
Ungmennafélagið Afturelding		681
Ungmennafélag Bakkafjarðar		
Ungmennafélagið Gaman og Alvara		
Ungmennafélag Reykhverfuna		
Ungmennafélagið Snörtur		670
Ungmennafélag Tjörnesinga		
Ungmennafélag Öxfirðinga		

Akstursíþróttafélag Mývatnssveitar

Árið 2019 í mars var haldinn árlegur aðalfundur AMS. Þar var mikið rætt meðal annars vinna í motorcross brautinn okkar, en aðallega var rætt um að halda snowcrossmót, jafnvel spyrnu eða samhliðarbraut. Á fundinum var ákveðið að hafa sömu stjórn og undanfarin ár, en hana skipa undirritaður Júlíus Björnsson sem formaður, Guðjón Vesteinsson sem gjaldkeri og Anton Freyr Birgisson sem varaformaður.

Á árinu 2019 var ekkert mót haldið. Helgina 6.-8. Mars verður haldin mikil vetrarhátíð í Mývatnssveit þar sem haldin verða mót með hestum, husky hundum og fleiru. Þá helgina erum við að fara að halda okkar fyrsta mót í mörg ár í snowcrossi og einnig verður haldin keppni í snjóspyrnu og leggjum við miklar vonir við það mót, og ef allt gengur vel er planið okkar að halda áfram að halda þessi sleðamót. En líklegt er að þetta mót verði hluti af Íslandsmeistaramótinu í snowcrossi.

Þetta árið áttum við ekki marga fulltrúa á mótum en Arnar Ingi Sæþórsson var okkar fulltrúi en hann keppti í fjórum keppnum í snowcrossi og gekk vel.

Þá er það helsta sem á þessu gerðist, en á von á að árinu 2020 muni gerast meira hjá klúbbnum okkar.

Júlíus Björnsson, formaður



Golfklúbbur Húsavíkur

Starfsárið 2019 var gott enda kom Katlavöllur ágætlega undan vetri. Sumarið var heldur vott. Vallarstjóri er Sigurður Hreinsson og voru 2 sumarstarfsmenn á vellinum.

Stjórn klúbbsins skipa; Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður, ásamt Karli Hannesi Sigurðssyni, Gunnlaugi Stefánssyni, Sigurjóni Sigurðssyni, Jóni Elvari Steindórssyni, Birnu Dögg Magnúsdóttur og Ragnari Emilssyni, sem jafnframt er formaður vallanefndar klúbbsins. Stjórn fundaði a.m.k. einu sinni í mánuði, tvisvar í mánuði yfir sumartímann og oftar ef þurfa þótti.

Starfið í klúbbnum var með svipuðu sniði og undanfarin ár og varð eilítil fjölgun klúbbfélaga. Talsverð áhersla var lögð á starf fyrir börn og unglinga. Fjórir klúbbmeðlimir fóru sem okkar fulltrúar á Álaborgarleikana. Nokkuð var um framkvæmdir á vellinum; áframhaldandi uppbygging á vökvunarbúnaði auk þess nýr pallur á 8. braut og minniháttar nýframkvæmdir. Nýliðum var boðin kennsla. Spiluð eru sérstök karla- og konukvöld sem gafst vel, sérstaklega þegar litið er til þess að efla félagsandann. Tilgangurinn er félagslegur en keppni um leið enda keppt með ólíkum hætti í hvert sinn.

Æskulýðsnefnd stóð fyrir starfi í sumar og um tuttugu iðkendur lögðu kapp á golfið í sumar, fengu kennslu og haldið var sérstak barna- og unglingamót með uppskeruhátíð.

Arnar Vilberg Ingólfsson þjálfar börnin og unglingana en það er mikilvægt að leggja rækt við barna- og unglingastarfið. Hann þjálfði hóp ungmenna í golfi sem vonandi skila sér í klúbbinn.

Alls fóru ellefu mót fram á vellinum, bæði innanfélagsmót sem og opin mót. Þátttaka var með svipuðu sniði og verið hefur.

Rekstur klúbbsins er viðkvæmur. Rík viðhaldspörf er á tækjum en unnið var eftir endurbótaáætlun á tækjakosti klúbbsins. Ljóst var að fjárfestingarþörf er nokkur en bolmagnið ekki nægilegt fyrir stærri fjárfestingar sem frestuðust því enn eitt árið.

Áfram var unnið að því að fjölga styrktaraðilum við klúbbinn og betur má ef duga skal.



Það er veikleiki í starfi klúbbsins að starfið innan hans leggst að mestu af yfir vetrarmánuðina. Liður í að koma í veg fyrir þetta voru kaup á golfhermi en finna þarf hentugt húsnæði fyrir hann. Hermirinn stendur nú ónotaður. Áfram er unnið að því að efla vetrarstarfið þannig að klúbburinn sér heilsársafþreying.

Uppbyggingaráform á nýju húsnæði hefur verið kynnt á félagsfundum. Unnið er að því markmiði í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing sem hefur ekki staðið við sinn hluta uppbyggingarsamningsins. En uppbyggingaráform klúbbsins á nýjum skála/mannvirki eru á ís.

Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður

Golfklúbbur Mývatnssveitar



Stjórn GKM árið 2019:

Formaður	Kristján Stefánsson
Gjaldkeri	Guðjón Vésteinsson
Ritari	Ellert Rúnar Finnbogason
Varamenn	Hinrik Árni Bóasson, Ellert Hauksson

Aðrir embættismenn:

Form. vallarnefndar	Sigurður Baldursson
Form. mótanefndar	Hinrik Geir Jónsson
Form. forgj.nefndar	Kristján Stefánsson
Skoðunarmenn reikn.	Hinrik Árni Bóasson, Egill Steingrímsson

Norðanáttir og kuldi einkenndu sumarið 2019 og það hefur mikið með ferðalög íslenskra kylfinga að gera, þannig að gestakomur á Krossdalsvöll voru með allra minnsta mót.

Félagsstarf GKM 2019 var í sögulegu lagmarki, ekkert mót var haldið hvorki innafélagsmót eða opið mót og verður það að teljast afar slakt og hefur ekki komið fyrir frá stofnun klúbbsins en hann varð 30 ára 2019.

Í sumar vorum við með starfsmann sem sá um mest allan slátt og gekk það vel og var völlurinn í ágætu ástandi. Félagafjöldi er kominn niður í 11 féлага og 3 aukaféлага, sem einnig er sögulegt lágmark.

Ég vil þakka meðstjórnendum mínum og öðrum félögum fyrir árið 2019 og vona að okkur takist að lífga Golfklúbb Mývatnssveitar við en ekki leggja hann niður á næstu árum.

Kristján Stefánsson, formaður

Golfklúbburinn Gljúfri

Starfið í félaginu var með lágmarki. Eitt mót var þó haldið, Fjallalambsmótið og gekk ágætlega. Slætti á vellinum var sinnt en vélarkostur hefur skánað með tilkomu flatarvélar. Í stjórn sitja Marinó Eggertsson, Jón Grímsson og Haukur Marinósson.

F.h. stjórnar Jón Grímsson

Golfklúbburinn Hvammur



Starfsemi Golfklúbbsins Hvamms var með nokkuð breyttu sniði en undanfarin ár. Golfvöllur klúbbsins var minnkaður niður í 6 holur enda þurfti að bregðast við þar sem erfiðara hefur verið að sækja fjármagn til rekstursins. Engin mót voru haldin á árinu, sem er miður.

Klúbburinn keypti þjónustu af GA varðandi hirðingu síðasta sumar og var þ.a.l. ekki með starfsmann á eigin vegum.

Rekstur klúbbsins var annars í þokkalegu horfi og hefur klúbburinn notið stuðnings fjölmargra fyrirtækja og einstaklinga. Klúbburinn er á nokkrum tímamótum um þessar mundir þar sem taka þarf ákvörðun um hvert framhaldið verður varðandi starfsemina. Klúbburinn hefur notið mikillar sjálfbærðavinnu af hálfu nokkurra meðlima og verður það starf seint fullþakkað. Aftur á móti er það vissulega áhyggjuefni á hversu fárra herðum starfsemin hvílir en það vandamál er því miður raunin allt of víða hvað félagsstarfsemi varðar, sú staða er í raun ástæða þess að leggjast þarf vel yfir hvert framhaldið verður.

Sigurður Gauti Benediktsson, formaður

Golfklúbburinn Lundur

Sumarið 2019 er tíunda starfsár golfklúbbsins. Megin starfsemi golfklúbbsins er fyrst og fremst að byggja upp félagastarfsemi í kringum Lundsvöll í Fnjóskadal. Rekstur Lundsvallar er alfarið í höndum Golfklúbbs Akureyrar, en golfskálinn Stekkur er alfarið í höndum Lundsgolf ehf. sem er í eigu landeiganda. Golfklúbburinn Lundur hefur afnot af Lundsvelli og skálanum, en sér alfarið um öll golfmót sem haldin eru og kennslu félagsmanna í samvinnu með GA. Engar eignir eru skráðar á klúbbinn og ekkert mannhald er á vegum klúbbsins.

Laugardaginn 1. júní opnaði Lundsvöllur fyrir félagsmenn og allri almennri umferð golfspilara.

Í lok sumars voru skráðir í golfklúbbinn 54 félagsmenn, skráðir með fulla aðild eða auka aðild. Kynjahlutfall félaga er 18 konur og 36 karlar.



Mótahald

Lundsvöllur kom vel undan vetrinum og var hann opnaður í 1. júní. Alls hélt klúbburinn 4 mót á árinu. Fyrsta mótið sem klúbburinn hélt var 15. júní og var það innanfélagsmót, spilað var 9 holu texas scramble vanur og óvanur. Þátttakendur voru 27. Þann 7. júlí, var lopapeysumót kvenna sem er 18 holu punktakeppni. Í það mót mættu 19 konur.

21. júlí. var meistaramót GLF spilað, karla og kvenna. Í það mót mættu 27 til leiks. Í ár var mótið einnig opið félögum í GA, spilaður var 18 holu högggleikur. Sigurvegari í karla og þar með meistari GLF 2019 varð Guðmundur E Lárusson á 78 höggi og meistari kvenna varð Unnur Elva Hallsdóttir á 88 höggum. Þann 3. ágúst var opið mót sem bar heitið Coca-Cola verslunarmannahelgin, þar mættu 20 til leiks og spilað var 18 holu punktakeppni með forgjöf.

Engin kennsla var á árinu 2019.

Pétur Ringsted, formaður

Hestamannafélagið Feykir

29.júní var haldið opið gæðingamót í Eyjadal í samstarfi við hestamannafélagið Snæfæla.

Kept var í:

- A-flokkur
- B-flokkur
- T3
- T7
- Barnaflokkur
- Unglingaflokkur



Það voru 70 skráningar á mótið en náðist ekki þátttaka í ungmennaflokk og skeið.

Fengnir voru 3 dómara frá gæðingadómarafélagi LH en bara tveir þeirra voru með réttindi til að dæma töltið. Það virtist þó ekki valda gremju þátttakenda að miklu leiti. Mótið gekk vel og stefnt er að halda það aftur árið 2021.

Auk þess er nýr samningur í bígerð við Þjóðgarðinn um leigu mótssvæðisins í Eyjadal.

Annað gerðist ekki á þessu ári nema það fóru 2 fulltrúar á ársþing HSP sem telst vera miklar framfarir hjá þessu félagi.

Salbjörg Matthíasdóttir, formaður

Hestamannafélagið Grani

Starf hestamannafélagsins Grana var með hefðbundnu sniði á árinu 2019.

Í byrjun janúar hittust ungir félagsmenn sem höfðu sótt reiðnámskeið hjá Grana í Borgarhólsskóla og bökuðu hestanammi undir leiðsögn Karinar Gerhartl.



GRANI
HÚSAVÍK

Þann 23. febrúar stóð Grani að töltmóti í Bústólpahöllinni ásamt Þjálf. Nefndist mótið Þorrapræll og var vel sótt.

Kept var í meira og minna vanir. Í flokki minna vanir sigraði Margrét Ósk Friðriksdóttir og Einar Víðir Einarsson í meira vanir.

Frá byrjun febrúar og fram á vor bauð Fosshótel Húsavíkur hestaáhugafólki að fylgjast með beinum útsendingum frá Meistaradeild í hestaíþróttum við bestu aðstæður. Var þetta allnokkuð vinsælt.

Ásdís Helga Sigursteinsdóttir kom tvisvar í mars og einu sinni í apríl og kenndi bæði börnum og fullorðnum. Börn sem lengra eru komin æfðu meðal annars Treck.

Í apríl fengum við góða gesti úr hestamannafélaginu Létti á Akureyri í heimsókn. Voru þeir í fræðslu og skemmtiferð tengda sýningunni Fákar og Fjör sem fer fram árlega á Akureyri. Gísli Haraldsson fræddi þá um sína ræktun og sýndi gestum ungan stóðhest úr sinni ræktun.

Benni Línal tamningameistari kom og hélt kynningu á hnökkum fyrstu vikuna í maí.

Í júní var boðið uppá reiðnámskeið fyrir börn í tvær vikur alls fjóra hópa. Kennarar voru Anna Guðný Baldursdóttir og Iðunn Bjarnadóttir. Voru námskeiðin fullsetin og ekki komust allir að sem vildu.

Aðalfundur Grana var haldinn þann 6. Júní og stjórnin endurkjörin. Helsta mál aðalfundar voru endurbætur á lögum félagsins og samningar við Norðurþing um beitarhólf.

Annan í Hvítasunnu girtu félagar í Grana girðingar á Ærvikurhöfða í landi Saltvíkur sem mörkuðu nýja reiðleið um svæðið. Hefur þessi nýja viðbót fengið góðar viðtökur.



Á þjóðhátíðardaginn 17. Júní riðu tveir félagar úr Grana fyrir skruðgöngunni frá íþróttavellinum gegnum bæinn að íþróttahöllinni með íslenska þjóðfánann. Seinna um daginn teymdu Granafélagar undir börnum.

Þann 20. Júní var komið að 40. Firmakeppni Grana. Var þátttaka fremur dræm. Karla flokk vann Gísli Haraldsson, María Marta Bjarkadóttir vann kvennaflokk og Sigmundur Þorgrímsson vann barnaflokk.

Um Mærudaga stóðu hestamenn að venju að stór-dansleik í Bústólpahöllinni. Dansleikurinn er stærsta tekjulind félagsins og rennur allur ágóði til rekstrar hússins. Endurnýjaður var samstarfssamningur við Bústólpa og eins fékkst myndarlegur styrkur frá Sparisjóði S-Þing.

Í lok ágúst var tekið á móti börnum frá sumarskóla Völsungs og teymt var undir 43 börnum.

Um miðjan september var svo aftur boðið uppáreið-námskeið fyrir börn. Alls var kennt í þrjár vikur og var María Marta Bjarkadóttir sem sá um kennsluna. Voru námskeiðin vel sótt.

Bjarki Helgason, formaður

Hestamannafélagið Snæfaxi

Stjórn hestamannafélagsins Snæfaxes:

Formaður: Jóhannes Sigfússon, Gunnarsstöðum
Gjaldkeri: Steinunn Anna Halldórsdóttir, Sauðanesi
Ritari: Katharina Winter, Þórshöfn
Meðstjórnendur: Eggert Stefánsson, Laxárdal
Gísli Jónsson, Þórshöfn

Starf Snæfaxes:

Janúar: Folaldasýning fór fram sunnudaginn 13. Janúar. Tólf folöld tóku þátt. Dómarar voru þeir Ragnar Skúlason Ytra-Álandi og Sverrir Möller Ytra-Lóni. Ásamt því kusu áhorfendur vinsælasta folaldið. Boðið var upp kakó, kaffi og kökur eftir sýningu.

Mars: Fulltrúar Snæfaxes þau Jóhannes Sigfússon formaður og Fjóla Runólfssdóttir kona hans sátu ársþing HSB í mars í Mývatnssveit. Reiðnámskeið með Reyni Atla Jónssyni reiðkennara fór fram dagana 30-31. mars í Kapla-skjólí reiðhöllinni á Gunnarsstöðum. Námskeiðið var öllum opið en börn og lítið vanir fullorðnir gengu fyrir. Vel sótt námskeið þar sem allir undu glaðir við sitt.

Apríl: Ísmót á Hundsvatni fór fram sunnudaginn 7. apríl, keppt var í opnum flokki, unghrossaflokki og barnaflokki.

Aðalfundur Snæfaxes var haldinn þriðjudaginn 9. apríl í Menntasetrinu á Þórshöfn. Venjuleg aðalfundarstörf ásamt kaffi og meðlæti.

Júní: Í lok júní hópuðu félagsmenn sig saman og riðu með stóran hóp hrossa í rekstri frá Sauðanesi á Langanesi yfir í

Hafrafellstungu í Öxarfirði. Ferðin tók þrjá dagparta. Tilefni ferðar þessarar var meðal annars mót í Eyjadal við Ásbyrgi. Sunnudaginn eftir mótið var lagt af stað heim riðandi og riðið frá Hafrafellstungu í Öxarfirði yfir í Flautafell í Svalbarðshreppi.



Eyjadalismót við Ásbyrgi var haldið laugardaginn 29. júní. Keppt var í A og B flokki (sérstök forkeppni) T3 (opinn flokkur), T7 (áhugamannaflokkur), barna,- unglinga- og ungmennaflokki. Góð þátttaka var á mótinu og var dagurinn hinn besti í alla staði.

Ágúst: Nokkrir félagsmenn fóru í kvöldreiðtúra fyrstu dagana í ágúst og riðu eftir strandlengju Svalbarðshrepps frá Hafralónsá að Ormarsá.

F.h. stjórnar, Steinunn Anna

Hestamannafélagið Þjálfí

Starfsemi Hestamannafélagsins Þjálfí var með hefðbundnu sniði 2019. Þó var bryddað upp á þeirri nýng að halda tölmtót (Þorraþræl) í samstarfi við hestamannafélagið Grana á Húsavík í upphafi árs 2019. Mæltist það vel fyrir og var þátttaka góð og verður þetta mót væntanlega árlegur viðburður á þorranum hér eftir.



Mývatn Open var haldið í byrjun mars eins og undanfarin ár og var metþátttaka bæði í keppninni og hópreiðinni á undan mótinu.

Einarsstaðamót var haldið að venju í byrjun ágúst. Vegna veðurs var þátttaka dræm og áhorfendur fáir en hestakostur góður og gaman að venju.

Firmakeppni Þjálfí var haldin seinnipartinn í ágúst og var þátttaka góð meðal félagsmanna. Þetta var skemmtileg stund á Einarsstöðum í blíðskapaveðri og Þjálfí sendir kærar þakkir til þeirra fjölmörgu fyrirtækja og einstaklinga sem sáu sér fært að styrkja mótið.

Stjórn Þjálfí lýsir yfir ánægju sinni með auknum áhuga á hestamennsku á svæðinu og gaman að segja frá því að félagsmönnum Þjálfí fjölgaði á árinu.

Friðrik K. Jakobsson, formaður

Íþróttafélagið Magni

Enn á ný er komið að ársskýrslu Íþróttafélagsins Magna. Að venju þá er það fótboltinn sem er nær eingöngu stundaður á Grenivík, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fjölga íþróttagreinum. Félagið réðist í stórfraamkvæmdir á byggingu húsnæðis sem hýsir búningssklefa, geymslur og félagsaðstöðu. Byggingu hússins er lokið en unnið er að klára allt innanhúss. Það er gert í rólegheitum og unnið að sjálfsgöðu að megninu til í sjálfböðavinnu. Félagið passar sig á því að fara ekki fram úr sér fjárhagslega.

Magni tók þátt í Inkasso deildinni annað árið í röð s.l. sumar. Þrátt fyrir hrakspár fyrir árangur liðsins, tókst liðinu að halda sér uppi í deildinni aftur, þrátt fyrir slæmt útlit á tímabili. En menn skulu aldrei afskrifa lið Magna! Núverandi þjálfari Magna er Sveinn Þór Steingrímsson og honum til aðstoðar er Baldvin Ólafsson og erum við mjög ánægðir með þeirra störf. Anton Orri Sigurbjörnsson er svo þjálfari yngri flokka félagsins og er almenn ánægja með hans störf. Farið var á mörg mót á árinu og góður árangur náðist.

Íþróttafélagið Magni er ekki stórt félag, en er svo sannarlega með stórt hjarta og það er það sem heldur starfinu gangandi og hvetur okkur stjórnarmenn til áframhaldandi starfa. Áfram Magni!

Þorsteinn Þormóðsson, formaður



Íþróttafélagið Völsungur

Aðalstjórn Völsungs

Árið 2019 hefur runnið sitt skeið og var það bæði skemmtilegt og ánægjulegt fyrir okkur í stjórninni enda alltaf gaman að vinna fyrir félagið sitt og reyna að láta gott af sér leiða.

Aðalfundur félagsins var haldinn í júlí. Ekki urðu miklar breytingar á stjórninni að þessu sinni en þó þær að Bergþóra Höskuldsdóttir tók við sem formaður og inn í stjórnina bættist Björgvin Sigurðsson sem einnig situr í meistaraflokksráði karla í knattspyrnu. Á aðalfundinum kom m.a. upp sú hugmynd að endurskoða reglur félagsins og hvernig skipað er í stjórn þess hverju sinni. Ein hugmyndin var sú að í aðalstjórn sætu fulltrúar úr deildum Völsungs til að mynda sterkari og betri tengsl innan félagsins. Samþykkt var að skipa nefnd til að fara yfir núgildandi lög og koma með tillögur að breytingum á næsta aðalfund félagsins.

Völsungur heldur áfram að vera öflugt félag sem myndar eina af stöðum samfélagsins hér á Húsavík og nágrenni

og er árangur Völsunga í hinum ýmsu greinum sönnun þess. Við erum stolt af því hversu hátt hlutfall bæjarbúa æfir og keppir fyrir félagið og afar ánægð með það breiða aldursbil þeirra sem allan ársins hring taka þátt í félagsstarfi Völsungs.

Félagið er ennþá að stækka og dafna og í sumar bættust undir hatt almenningsíþróttadeildar hjólræiðadeild og kraftlyftingadeild. Stefnan er að aðilar innan almenningsíþróttadeildar hjálpist að þegar kemur að mótahaldi og öðrum viðburðum og efla og auka þannig fjölda viðburða á vegum deildarinnar.

Starfsemi félagsins byggir á öllum þeim fjölda einstaklinga sem stunda og hafa áhuga á íþróttum. Við viljum hvetja alla þá sem hafa áhuga, vilja og getu til að taka þátt í starfi félagsins, þar eru allir jafn mikilvægir. Stuðningur allra þeirra fyrirtækja og einstaklinga sem bæði með vinnu og fjárframlögum gera okkur kleift að bjóða upp á svo fjölbreytt úrval af skipulagðri hreyfingu fyrir alla aldurshópa er ómetanlegur ásamt framlagi sveitarfélagsins en án þess gætum við ekki haldið úti því öflugra starfi sem raun ber vitni.

Við viljum þakka framkvæmdastjóra Völsungs, Jónasi Halldóri, fyrir frábært starf á árinu og einnig öllum þjálfurum og forsvarsmönnum deilda félagsins.

Almenningsíþróttadeild

Íþróttaskóli Völsungs hefur verið með sama sniði undanfarin ár. Tímarnir hafa verið fyrir börn á aldrinum 2-5 ára á laugardögum. Á vorönninni voru kennarar Ísak Már Aðalsteinsson og Anna Björg Pálsdóttir og um 35 krakkar sóttu tímana. Hópnum er skipt upp í eldri og yngri hóp og er hver tími um 50 mínútur. Haustiönnin hófst svo í lok september eftir sumarfrí og í vetur eru kennarar Ísak Már Aðalsteinsson og Selmdís Þráinsdóttir. Veturinn hefur farið mjög vel af stað og hafa um 30 - 40 börn látið sjá sig í hverjum tíma.

Bandýdeild Völsungs fór af stað á nýju ári með hefðbundnu sniði þar sem æft var tvisvar í viku. Farið var í keppnisferð til Akureyrar í maí. Völsungur stóð sig ágætlega á mótinu og var mjög gaman að sjá til aðila sem eru búnir að æfa þetta af alvöru í fjölda ára.

Í haust misstu Völsungar marga unga bandýðkendur til Akureyrar. Farið var af stað með tvær æfingar í viku en vegna dræmrar mætingar og annríki hjá „þjálfurum“ var tekin sú ákvörðun að leggja niður æfingar og endurmeta stöðuna næsta haust. Vonast forsvarsmenn til að geta byrjað aftur af fullum krafti enda íþróttin afar mögnuð.

Hlaupahópurinn Skokki var virkur á árinu að vanda. Nokkur fjölgun hefur orðið á iðkendum í ár sem verður að teljast mjög ánægjulegt. Fastar æfingar voru tvisvar í viku, á þriðjudögum og laugardögum en þess utan voru meðlimir duglegir að húa í hvern annan þegar vel hentaði. Nokkrar æfingar voru afar eftirminnilegar og má þar nefna þegar hópurinn hljóp með forseta Íslands umhverfis Mývatn á föstudaginn langa.

Hópurinn stóð að tveimur keppnishlaupum, Gamlárs-
hlaupinu og Botnsvatnshlaupinu sem nú var fært yfir á
föstudaginn um Mærudagshelgina. Tókst sú breyting afar
vel og var þátttaka góð.

Meðlimir Skokka voru á ferð og flugi erlendis sem
hérlandis í keppnum og átti Skokki fulltrúa í ótal hlaupum
svo sem Snæfellsjökulshlaupinu, Hraunhlaupinu, Jökuls-
árhlaupinu, Tindahlaupinu í Mosfellssveit, Akureyrar-
hlaupinu og Fjögurra skóga hlaupinu. Toppnum á árinu
var svo náð í október þegar að Skokki átti sex keppendur í
þriggja landa maraþoninu sem haldið var á landamærum
Austurríkis, Sviss og Þýskalands. Afar gaman var að verða
vitni af því hópefli sem varð eftir því sem leið á sumarið,
hvar meðlimum óx ásmegin í forminu eftir því sem nær
leið ferðinni. Verður ekki annað sagt en að hópurinn fari
bjartsýnn inn í árið 2020 og býður að sjálfsögðu alla
velkomna á æfingu að prófa.

Á aðalfundi Völsungs síðastliðið sumar var samþykkt til-
laga um að lyftingadeild yrði bætt við undir almennings-
þróttadeild. Hugsunin með Lyftingadeildinni er að
tvennum toga, annarsvegar að þeir sem stunda kraftlyft-
ingar geti komið fram undir merkjum Völsungs og hins
vegar að opna á möguleika þess að þeir hreystihópar sem
nú eru virkir á Húsavík geti haldið viðburði í sameiningu.
Væntingarnar fyrir þessu starfi eru töluverðar og eru
aðilar innan almenningsþróttadeildar nú þegar með
stóra hluti planaða árið 2020 sem gaman verður að
fylgjast með.

Fimleikar

Fimleikaæfingar hófust um miðjan september í ár. Skipt
er í þrjá hópa eftir aldri. Yngsti hópurinn er leikskóla-
hópur og skiptist grunnskólahópurinn í yngri hóp (1.-3.
bekkur) og eldri hóp (4.-10. bekkur). Undanfarið ár hefur
að vanda verið viðburðarríkt. Í júlí fóru fjórir iðkendur og
þjálfari á Álaborgarleikana. Á leikunum fengu stelpurnar
að prófa að æfa og keppa í fullbúnu fimleikahúsi með
glæsilegri aðstöðu sem var án efa mikið ævintýri og
reynsla.

Við erum heppin með þjálfara að vanda en töluverðar
breytingar hafa orðið í þjálfarahópnum á árinu 2019. Í
haust tók Ríkey Sigurgeirsdóttir við sem yfirþjálfari eldri
hópanna og með henni eru þær Elsa Dögg Stefánsdóttir
og Sara Dögg Jónsdóttir. Halldóra Magnúsdóttir hefur
haldið áfram að þjálf leikskólahópinn og henni til
aðstoðar eru þær Heiðrún Magnúsdóttir og Rakel Hólm-
geirsdóttir.

Handknattleikur

Innan handknattleiksdeildar Völsungs eru tveir flokkar
virkir eða 7. og 8.flokkur. Á haustdögum byrjuðu full-
orðnir að hittast og leika sér í handbolta einu sinni í viku.
Við skipulögðum Sölkumótið í 7. og 8.flokki þar sem
komu um 100 iðkendur á aldrinum 7 til 9 ára frá Akureyri.

Í nóvember byrjaði svo nýtt keppnistímabil og við fórum
til Akureyrar á Greifamótið hjá Þór í Íþróttahöllinni. Að
þessu sinni fór aðeins 7. flokkur að keppa þar sem margir

nýir hafa byrjað í 8. flokki þar sem 1. bekkur koma sterkur
inn í haust. Iðkendur innan handknattleiksdeildar
Völsungs eru um 40 krakkar.

Blak

Meistaraflokkur kvenna í blaki tók þátt í Úrvalsdeildinni í
þriðja sinn veturinn 2018-2019. Þjálfari var Sladjana
Smiljanic og lék hún jafnframt með liðinu. Liðið endaði í
4. sæti deildarinnar og var aðeins einu stigi frá liðinu sem
varð í þriðja sæti sem verður að teljast frábær árangur.
Liðið komst í undanúrslit bæði í lokakeppni Íslands-
mótsins og einnig í Kjörisbikarnum en þar var úrslita-
keppnin haldin helgina 22. - 23. mars í Digranesi. Til að
styrkja liðið voru fengnir á tímabilinu þrír erlendir leik-
menn til Húsavíkur, Rut Gomez frá Gvatemala sem var
allt tímabilið með liðinu, Ashley Boursiquot frá USA sem
var fyrir áramót og Ashley Diedrich, einnig frá USA eftir
áramót. Þessar stúlkur styrktu ekki einungis liðið á
æfingum og í keppni heldur mátti glögg sjá að þátttaka
þeirra hafði gríðarlega jákvæð áhrif á uppbyggingarstarf
blakdeildarinnar með aðkomu þeirra að þjálfun sem og
að vera fyrirmyndir fyrir unga og uppnennandi húsískra
blakara.



Á yfirstandandi leiktið tekur meistaraflokkur kvenna þátt í
1. deild Íslandsmóts Blaksambands Íslands, Benecta-
deildinni. Mikið uppbyggingarstarf síðustu ára er að skila
upp í meistaraflokk ungum og kraftmiklum blökurum og í
haust réð blakdeildin nýjan þjálfara, Guðberg Egil Eyjólfsson
til að leiða starfið. Guðbergur er ekki alls ókunnugur
blakvöllum en hann lék blak með HK, ÍS og KA á árum
áður og með landsliðum Íslands 1990-1999. Hann varð
m.a. nokkrum sinnum Íslands- og bikarmeistari með HK
og ÍS. Aðstoðarþjálfari er enginn annar en Lúðvík Kristins-
son. Stelpurnar hafa staðið sig með mikilli þrýði og er
liðið að fóta sig í deildinni og má sjá miklar framfarir hjá
stelpunum með hverjum spiluðum leik. Það verður því
spennandi að fylgjast með liðinu vaxa og dafna áfram í
vetur.

Yngriflokkastarfið hefur farið mikið vaxandi síðustu ár.
Um 40 iðkendur voru í 3. - 6. flokki. Yngstu iðkendurnir
eru í 6. flokki eða þriðja bekk. Keppt var á Íslandsmóti
(sem spilast í nokkrum túrningum) og bikarmóti.
Krakkarnir eru að standa sig mjög vel á landsvísi í öllum
flokkum, 5. flokkur varð í 1. sæti á tveimur Íslandsmóts-
túrningum en þar spila strákar og stelpur saman, 4.
flokkur kvenna gerði sér lítið fyrir og varð bæði Íslands-
meistari og bikarmeistari síðasta vetur, 4.flokkur karl varð

bikarmeistari og í öðru sæti á Íslandsmótinu og 3. flokkur karla í þriðja sæti á Íslandsmótinu. Blakdeild Völsungs átti svo einnig nokkra glæsilega fulltrúa í landsliðsúrtaki.

Öldungarnir í blakinu eru eins og mörg undanfarin ár öflugur hópur bæði í kvenna- og karla deildum og æfðu um 40 manns tvisvar sinnum í viku. Starfsemin er hefðbundin frá ári til árs, farið var á þau hraðmót sem haldin eru á Norðurlandi. Einnig kepptu kvenna- og karlalið á Íslandsmóti. Kvinnaliðið í 3. deild skipað „reyndum“ konum og karlaliðið í 3. deild þar sem að aldurinn er mun lægri þar sem ungir og efnilegir strákar eru komnir með þeim eldri. Alltaf byrjar blakdeildin árið með Nýárs móti Völsungs sem er fjölmennt mót og einnig sér blakdeildin um vinnu á heimaleikjum meistaraflokks kvenna og er stuðningur Húsvíkinga og nærsveitanna ómetanlegur og frábært að sjá að stúkan hefur verið þéttsetin alla leiki. Öldungamót BLÍ er svo lokaspretturinn hjá öldungaliðum og fórum við til Keflavíkur í lok apríl en mótshaldarar voru Keflavík ásamt Prótti Reykjavík.

Boccia

Frábært ár er að baki, æfingar og þjálfun nokkuð með hefðbundnu sniði, þjálfarar eru Rannveig Þórðardóttir og Kristján Valur. Æfingar hjá fótluðum eru tvisvar í viku, iðkendur eru allt að 20 og er mæting og ástundun góð, þá er einnig öflugt boccia-starf hjá eldri borgurum en á þeirra vegum eru iðkendur um 30.

Að venju sendi bocciadeild Völsungs myndarlegan hóp keppenda á öll helstu mót sem voru í boði og haldin eru á vegum ÍF. Fyrsta mót ársins var 17. febrúar „Opna Húsa-víkur mótið í boccia“ en þetta er fjáröflun fyrir deildina í formi firmakeppni. Á Norðurlandsmóti á Sauðárkróki varð B-sveit Völsungs með þeim Vilberg Linda og Sverri Sig. Norðurlandsmeistari og A-sveit Völsungs í Opnum flokki, þeir Guðmundur Magnússon og Hreinn Jónsson náðu í silfur. Fleiri mót voru sótt s.s. Íslandsmótið í liðakeppni og Hængsmótið á Akureyri.

Fyrsta mót haustsins var svo hið árlega „Íslandsmót“ í einstaklingskeppni. Árangur Völsunga var frábær, enginn féll niður um deild og nokkrir fóru upp um deild sem er góður árangur. Síðasta mót ársins var svo Norðurlandsmótið 2019 sem haldið var á Akureyri af Íþróttafélaginu Eik. Völsungar mættu með fjölmennt lið að venju og varð B-sveitin með þeim Vilberg Linda og Sverri Sig. Norðurlandsmeistarar í annað sinn á árinu og í opnum flokki fengu fulltrúar eldri borgara Guðmundur Magg og Hreini Jóns silfur.

Sund


Um 23 duglegir krakkar hafa verið að æfa sund þetta árið. Yngri hópnum bauðst að æfa einu sinni til tvisvar í viku en eldri hópurinn æfði allt að fjórum sinnum í viku.

Farið var á fjölmörg sundmót og þó misjafnt væri hversu margir fóru á hvert mót stóðu sundmennirnir okkar sig vel hvar sem þeir komu og margir bættu sig mikið á árinu. Dagbjört Lilja Daníelsdóttir náði í fyrsta skipti lágmarki inn á Meistaramót Íslands. Hún synti þar 50 m bringusund og stóð sig mjög vel. Á Aldursflokksmeistaramót Íslands náðu Dagbjört Lilja og Ester Eva Ingimarsdóttir lágmarkum í sex greinum hvor. Þær bættu sig mikið og stóðu sig frábærlega vel. Við enduðum tímabilið okkar með 17. júní sundmóti hér heima.

Í ágúst tóku Dagbjört Lilja og Ester Eva þátt í Álaborgar-leikunum. Þar stóðu þær sig frábærlega vel og bættu sig mikið. Dagbjört Lilja fékk silfur í 100m og 200m bringusundi og brons í 50m skriðsundi. Ester Eva náði silfri í 100m og 200m baksundi.

Í haust störtuðum við sunddeildinni með æfingarbúðum á Laugum ásamt sundkrökkum frá Akureyri. Nýráðinn þjálfari Óðinskrakkanna, Ingi Þór Ágústsson, stjórnaði búðunum. Krakkarnir fóru í þrek, á fjórar sundæfingar, leik í salnum og fengu fyrirlestur frá Kristni Þórarinssyni sem er Íslandsmeistari í baksundi og búinn að ná lágmarki inn á EM og HM.

Iðkendatölur í Völsungi samanburður milli áramóta 2019 og 2020



Yngri börn sunddeildar, 1. -3. bekkur byrjuðu að æfa í október einu sinni í viku. Sunddeildin hefur verið í miklu samstarfi við Inga Þór Þjálfara Óðins og hafa iðkendur okkar verið að æfa eftir hans prógrammi í vetur og einnig fengið að fljóta með Óðinskrökkunum á sundmót.

Þjálfarar sunddeildarinnar eru Árný Björnsdóttir og Lilja Friðriksdóttir sem sjá um þjálfun eldri krakkanna og Guðrún Erla Guðmundsdóttir og Dagmar Anna Pétursdóttir sem hafa séð um þjálfun yngri krakkanna.

Skíðaganga

Síðastliðinn vetur var mjög góður fyrir skíðagöngufólk. Fyrstu brautir voru gerðar uppi á Reykjarheiði í október og voru skilyrði góð til skíðaiðkunar fram yfir miðjan apríl.

Á þessu ári hefur skíðagöngudeildin verið að vinna mikið í gegnum samfélagsmiðla við að kynna svæðið okkar og gönguskiði sem góða og skemmtilega útivist sem getur hentað bæði ungum og gömlum. Þá er gaman að sjá að það eru alltaf fleiri og fleiri sem nýta sér göngubrautir á Reykjaheiði, bæði heimafólk og aðkomufólk. Núna hefur skíðalyfta verið flutt upp í Reyðarárhjúk sem mun gera skíðasvæðið enn betra og vonandi munum við sjá fullt af fólki skíðasvæðinu í vetur því þetta er frábær staður til að heimsækja og njóta.

Orkugangan var haldin 13. apríl 2019 og var met þátttaka í henni. Orkugangan er hluti af Íslandsgöngunni sem er hugsuð fyrir alla – keppnisfólk og byrjendur til að eyða tíma saman. Fylgist með uppfærslum varðandi veður, brautir, keppnir, námskeið og fleira á Facebook síðunni okkar.

Knattspyrna - Meistaraflokkar

Mfl. karla: Tímabilið 2019 hófst á hefðbundinn hátt hjá meistaraflokki karla. Langt undirbúningstímabil með Kjarnafæðismóti, æfingaleikjum, Lengjubikar og mjög góðri æfingaferð til Spánar. Strax var ljóst að enn yrðu talsverðar mannaþrengingar á liðinu en bæði ungir og aðeins reyndari leikmenn komu inn í liðið og skiluðu sínum hlutverkum. Liðið náði að hanga í efstu liðum fram yfir mitt mót en þá misstum við af toppbaráttunni og töpuðum of mörgum stigum. Enduðum um miðja deild og ljóst að við náðum ekki markmiðum okkar.

Liðið átti skemmtilega bikarkeppni árið 2019 sem toppaði með frábærum degi og góðri frammistöðu í 16 liða úrslitum á Húsavíkurvelli gegn langbesta liði landsins í ár, KR. Klaufamistök og óheppni undir lok leiksins urðu til þess að Íslandsmeistarar KR komust loks yfir gegn okkar mönnum. Leiknum lyktaði með 2-0 sigri en frammistaða liðsins í leiknum var til fyrirmyndar og erfitt að setja mikið út á hana.

Það urðu tímamót eftir tímabilið er Haukur Eiðsson lét af störfum sem formaður meistaraflokksráðs karla hjá Völsungi. Haukur og Unnur hafa unnið ótrúlega mikið og fórnfúst starf fyrir félagið og liðið og eiga hrós skilið. Það verður mikil eftirsjá af þeim úr starfinu og viljum við nota tækifærið og þakka þeim sérstaklega fyrir þeirra framlag og samstarfið á liðnum árum.

2. flokkur karla: Það var ljóst að við mættum ekki við miklum meiðslum ef við ættum ná að halda úti 2. flokki karla þriðja árið í röð hér á Húsavík en við teljum það afar mikilvægt fyrir knattspyrnuna í Völsungi. Liðið spilaði heilt yfir vel og hvikaði ekki frá áherslum þjálfaranna um leikstíl og sóknaruppbyggingu.

Mfl. kvenna: Árið 2019 var mjög gott ár hjá meistaraflokki kvenna. Þær tóku þátt í Lengjubikarnum, Mjólkurbikarnum og Íslandsmótinu í 2. deild. Í byrjun árs fór leikmannahópurinn að taka á sig mynd og eins og áður var hann skipaður mjög reynslumiklum leikmönnum í bland við unga og efnilega leikmenn sem voru að hefja sinn meistaraflokksferil. Á vordögum tók liðið þátt í Mjólkurbikarkeppninni þar sem þær komust í 16 liða úrslit en töpuðu þar fyrir Pepsimaxdeildarliðinu Þór/KA.

Tímabilið hófst og fljótt kom í ljós hvert stefndi. Hver sigurinn á fætur öðrum leit dagsins ljós. Í lok móts stóðu stelpurnar svo uppi sem sigurvegarar í 2. deild kvenna. Þær fóru í gegnum deildina án taps og sigruðu deildina með yfirburðum, unnu ellefu leiki og gerðu eitt jafntefli.

Á lokauppgjöri 2. deildar þar sem þjálfarar og fyrirliðar kusu voru Harpa Ásgeirsdóttir, Linsi Taylor og Guðrún Þóra Geirsdóttir valdar í lið ársins. Guðrún Þóra var einnig valin efnilegasti leikmaður 2. deildar og John Andrews valinn þjálfari ársins. Það er alveg ljóst að þetta ár er besta ár í sögu kvennaknattspyrnu hjá Völsungi. Liðið gjörsigraði 2. deild kvenna og fór upp í 1. deild en þetta er í fyrsta skipti sem kvennalið Völsungs í knattspyrnu fer upp um deild.



Yngri flokkar knattspyrnu

Barna- og unglingaráð heldur utan um rekstur yngri flokka Völsungs í knattspyrnu. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningar þjálfara. Vel gekk að ráða þjálfara fyrir veturinn og gaman frá því að segja að allir aðalþjálfarar hafa setið þjálfaranámskeið á vegum KSÍ en barna og unglingaráð leggur mikla áherslu á að þjálfarar og aðstoðarþjálfarar sitji þau námskeið. En þess má til gamans geta að Aðalsteinn Jóhann hefur lokið UEFA-A þjálfararéttindum, sem er hæsta þjálfara gráðan á Íslandi svo hafa þeir Jónas Halldór og Guðmundur Óli lokið UEFA-B réttindum.

Iðkendum fjölgaði um 18 frá haustinu 2018 til hausts 2019 og eru nú í heildina um 190 talsins frá 3. flokki og

niður í 8. flokk. Um er að ræða aldursbilið frá 10. bekk niður í tvo elstu árgangana í leikskóla. Af þessum aldurs-
hóp eru 55% sem stunda knattspyrnu á Húsavík sem er
hátt hlutfall í samanburði við önnur félög. Æfingar eru
öllum opnar og öllum velkomið að koma og prófa hvenær
sem er.

Lokahóf yngri flokka í knattspyrnu fór fram föstudaginn
20. september við íþróttavellina. Mikið var um að vera
hjá yngri flokkum á árinu 2019 og hafa góðir sigar unnist
bæði innan sem utan vallar. Veittar voru viðurkenningar
og framfaraverðlaun og að lokum voru grillaðar pylsur
eins og hefð er orðin fyrir. Í sumar voru 13 lið skráð til
leiks í Íslandsmóti og léku í heildina 95 leiki í því móti. Þar
að auki sendum við lið á Stefnumót, Goðamót, Fjarðaráls-
mót, ÞS mót Hattar, Króksmót, Strandamót, N1 mót,
Síamamót, Reykup og Gothiacup í Svíþjóð sem er stærsta
mót sinnar tegundar í heiminum. Þá stóð Völsungur fyrir
Curio-mótið í ágúst fyrir börn á aldrinum fimm til tíu ára
þar sem um 800 keppendur tóku þátt.



Mývetningur – íþrótt- og ungmennafélag

Um áramótið voru
skráðir félagar í
Mývetningi 200. Í
stjórn félagsins sátu
Jóhanna Jóhannes-
dóttir (formaður),
Linda Björk Árnadóttir (gjaldkeri), Kristinn Björn Haralds-
son (ritari), Anna Dagbjört Andréadóttir og Guðmundur
Þór Birgisson (meðstjórnendur). Sýlvía Ósk Sigurðardóttir
og Auður Filippusdóttir eru varamenn. Haldnir voru 6
stjórnarfundir á árinu og aðalfundur félagsins var haldinn
í febrúar.

Í janúar til maí voru fótboltaæfingar fyrir alla aldursflokka
grunnskólans einu sinni í viku. Sáú þeir Jón Friðriksson og
Steingrímur Viðar Karlsson um þær.

Héldum við áfram samstarfi okkar við grunnskólann með
íþróttaskólann og frístundina. Í janúar til maí var íþróttá-



skólinn tvisvar í viku, mánudaga og miðvikudaga undir
stjórn Jóhönnu og frístundin á fimmtudögum var í umsjón
Önnu Dagbjartar og Steingríms Viðars. Sama fyrirkomulag
var á íþróttaskólanum og frístundinni á haustönn
(september – desember) nema Sandra Haraldsdóttir
þjálfaði íþróttaskólann og frístundina á fimmtudögum.

Um páskana héldum við okkar árlega páskabingó sem
gekk að venju vel. Við viljum þakka öllum þeim sem gáfu
okkur vinninga, það er frábært að geta leitað til fyrir-
tækjanna á svæðinu og finna góðan stuðning frá þeim.
Við kunnum þeim bestu þakki fyrir.

Blakkonurnar okkar héldu áfram að æfa og keppa á
mótum fram á vorið og enduðu tímabilið á því að keppa á
öldungamótið í Keflavík. Mývetningur lenti í 3. sæti í 6.
deildinni og Mývetningur A endaði í 7. sæti í 9. deildinni.



Hreyfivika UMFÍ fór fram 24. – 30. maí og var boðið upp á
fjölmarga viðburði íbúum Mývatnssveitar að kostnaðar-
lausu. Boðið var upp á göngur, ratleik um Dimmuborgir,
hjólaferð, yoga, fótbolta, tabata, zumba og svo var Mý-
vatnssmarapön líka innan hreyfivikunnar.

Sandra Haraldsdóttir var ráðin til að sjá um sumarstarf
félagsins. Boðið var upp á hreyfingu fyrir eldri Mývetn-
inga einu sinni í viku, fullorðinsprek 2 -3 sinnum í viku,
frístund fyrir börn á aldrinum 6 – 10 ára 4 daga vikunnar
frá 10-12 og íþróttatímar fyrir leikskólabörnin fjóra daga
vikunnar. Valerija Kiskurno var með Zumba fyrir fullorðna
einu sinni í viku.

Í sumar kom Siguróli Kristjánsson (Moli) frá Knattspyrnu-
sambandi Íslands í heimsókn með verkefnið „Komdu í
fótbolta“. Hann setti upp skemmtilegar og fjölbreyttar
fótboltabúðir fyrir krakkana til að efla áhuga þeirra á fót-
bolthanum og gaf svo félaginu nokkrar fótbolta að gjöf.
Skemmtilegt framtak hjá KSÍ.

Í ágúst og september vorum við að þökuleggja kringum
strandblaksvöllinn sem er nú tilbúinn og verður tekinn í
notkun næsta vor.

Frá september til áramóta voru blakæfingar fyrir 6.-10.
bekk einu sinni í viku, þjálfari Jóhanna Jóhannesdóttir.
Marge Neissar var með dans fyrir 1.-7. bekk einu sinni í
viku og Ásgeir Bogi Arngrímsson var með 6 körfubolta-
æfingar fyrir bæði yngri og eldri.

Í nóvember kom Þórólfur Sveinsson frá Knattspyrnu-
akademíu Norðurlands til okkar um helgi og var með
knattspyrnuskóla fyrir börn frá 5 ára aldri. Þátttakan var



mjög góð og tókst vel til. Stefnt er á að fá hann aftur á næsta ári.

Í desember héldum við okkar árlega jólabingó sem er ómissandi partur af aðventunni. Bingóið gekk að venju mjög vel og þátttaka góð. Við viljum þakka fyrirtækjum á svæðinu enn og aftur kærlega fyrir veittan stuðning.

Núna er upptalið það sem við höfum gert á árinu og horfum við björtum augum fram á veginn og erum alltaf opin fyrir nýjum verkefnum.

Jóhanna Jóhannesdóttir, formaður

Skákfélagið Huginn

Starfsárið 2019 var nokkuð keimlíkt árinu á undan. Heldur færri skákæfingar fóru fram og færri mót en oft áður. Helgast það aðalega af því að nokkrir félagar fluttust burt af svæðinu.



Framsýnarmótið, Skákþing og Hraðskákmótið voru þó á dagskrá eins og áður og skákmenn frá okkur tóku þátt í Íslandsmóti skákfélaga bæði í mars og október.

Rúnar Ísleifsson vann sigur á skákþinginu sem fram á Vöglum í Fnjóskadal í febrúar og mars eftir harða keppni við Hermann Aðalsteinsson.

Jón Eggert Hallsson vann sigur á Framsýnarmótinu sem fram fór á Húsavík í nóvember. Kriztian Toth varð í öðru sæti og Vigfús Vigfússon í þriðja. Mótið var haldið um leið og Meistaramót Hugins og gildi því tvöfalt. Frekar fámennnt var á mótinu en það stendur til bóta. Stefnt er að samstarfi við Taflfélag Reykjavíkur fyrir árið 2020 þar sem Framsýnarmótið verður hluti af mótaröð þar sem verðlaunafé verður 300.000 krónur. Má því búast við góðri þátttöku á mótinu.

Hraðskákmótið sem venjulega fer fram í lok desember féll niður vegna veðurs og ófærðar og var fært fram í febrúar 2020.

Kristjáni Smárasyni ungum félagsmanni hlotnaðist sá heiður að vera valinn til þátttöku fyrir Íslands hönd í Norðurlandamótinu í skólaskák sem fram fór í Borgarnesi á vormánuðum. Þetta var hans fyrsta unglingamót í skák en Kristján hefur vakið nokkra athygli við skákborðið að undanfögnu. Kristján endaði mótið um miðjan hóp í sínum aldursflokki.

F.h. stjórnar, Hermann Aðalsteinsson

Skotfélag Húsavíkur

Árið 2019 markar viss tímamót í sögu Skotfélags Húsavíkur þar sem hafist var handa við smíði á nýju félagsaðstöðuhúsi og félagið fékk loks rennandi vatn á svæðið.

Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu undanfarin ár og lítið var gefið eftir í þeim efnum árið 2019. Skotfélagið var víða áberandi í sumar og kom meðal annars við sögu í fjölmiðlum hér á Húsavík, bæði í Víkurblaðinu og 640.is og RÚV kom og heimsótti félagið og fjallaði um uppbyggingu þess bæði í sjónvarpi og á Ruv.is. Smíði á nýju félagsaðstöðuhúsi hefur gengið hratt og örugglega fyrir sig en betur verður fjallað um það í sérkafla hér á eftir.

Starfsár félagsins byrjaði eins og flest önnur starfsár, á ársþingi HSP þar sem félagið átti einn fulltrúa. Leirdúfvöllurinn opnaði um miðjan maí með reglulegum opnunum og blómstraði. Vegna mikillar aðsóknar er spurning hvort huga þurfi að gera enn meiri stækkun á leirdúfusvæðinu árið 2020 ef fram heldur sem horfir, sem er gleðiefni.

Aðalfundur Skotfélags Húsavíkur var haldinn 21. febrúar 2019 þar sem kosið var í nefndir og stjórnir. Í stjórn var Kristján Arnarsson kosinn sem formaður, Gylfi Sigurðsson sem gjaldkeri og Kristinn Lúðvíksson, Sigurður Karlsson og Gunnólfur Sveinsson kosnir sem meðstjórnendur. Þá voru Tryggvi Berg Friðriksson og Önnundur Kristjánsson kosnir sem varamenn. Síðla sumars urðu svo formannsskipti en þáverandi formaður sagði sig úr embætti af persónulegum ástæðum og stjórn skipaði Kristinn Lúðvíksson sem nýjan formann og kom Tryggvi Berg inn í stjórn sem varaformaður.

Um miðjan ágúst bauð HSP upp á stjórnunarnámskeið um stjórnun félaga þar sem skotfélagið átti þrjá fulltrúa. Þá sótti formaður félagsins Formannafund HSP á Foss-hótel Húsavík.

Mjög mikil aukning hefur verið á starfsemi félagsins. Um 35% aukning hefur orðið á félagsmönnum frá 2018 og félagsmenn nú að nálgast 100 talsins. Eftir þeim upplýsingum sem næst verður komist í Felix kerfinu, kerfinu sem heldur utan um félagsmenn er aldurskiptingin þessi í einfaldri mynd: 23 einstaklingar á aldrinum 15-30 ára, þar af ein kona, 30 einstaklingar á aldrinum 31-45 ára, þar af tvær konur og 42 einstaklingar á aldrinum 46-70 ára. Barnastarf er ekki í boði í þessari íþrótt en vissulega er pláss fyrir úrbætur í unglingastarfi frá 15 ára aldri.

Á haustmánuðum var svo boðað til eins konar uppskeruhátíðar eða árshátíðar á veitingastaðnum Sólku. Frábær matur í góðum félagsskap þar sem konur og menn gerðu sér gleðilegt kvöld og verðlaun voru veitt fyrir afrek og árangur félagsmanna á árinu. Tókst það vel til, líkt og árið áður. Vonandi er þessi hátíð komin til að vera, hún er mikilvægur hluti af starfinu að því leytnu til að það að hittast, gleðjast saman og ræða málin á öðrum vettvangi en á skotvælinum eða á aðalfundi, getur án efa styrkt félagið sem heild.

Stjórnin tilnefndi Gylfa Sigurðsson til íþróttamanns ársins

á vegum HSP og tilnefndi Sigurð Karlsson sem Íþróttamann Húsavíkur. Þeir báðir hafa verið duglegir við æfingar og sinnt sinni grein vel, Gylfi í riffilgreinum og Sigurður í haglagreinum, sótt mót innan sem og utanbæjar og náð góðum árangri.



Í þessari skýrslu er stiklað á stóru og farið yfir helstu atriði sem skotfélagið hefur verið að vinna að á liðnu starfsári. Þá er einnig farið yfir þær upptakomur, viðburði og áfanga sem skotfélagið náði að koma á legg árið 2019.

Uppbygging og ný félagsaðstaða: Mikil uppbygging hefur verið á svæðinu undanfarin ár og lítið var gefið eftir í þeim efnum árið 2019. Ekki er langt síðan lokið var við smíði riffilhúss, sem er 48 m² með fimm skotborðum. Í fyrra var svo leirdúfuvöllurinn stækkaður og fleiri leir-dúfukastarar keyptir.

Á aðalfundi 2019 var svo ákveðið að byggja nýtt félagsaðstöðuhús sem hýst gæti allt og alla í kringum starfsemi skotfélagsins. Gamla félagsaðstaðan var orðin allof lítil en það hús var byggt í kringum síðustu aldamót af þáverandi félagsmönnum en þeim hefur fjölgað hratt jafnt og þétt, sérstaklega síðastliðin tvö ár. Fyrsta skóflustungan af húsinu var tekin 8. ágúst 2019 og þann 10. ágúst var gamla húsið selt og fjarlæggt. Nýja húsið er 84 m² að gólfleti, tvíhalla og stálklætt að utan. Kynt verður með varmadælu en rafmagn hefur ekki verið lagt niður að skotsvæðinu enn sem komið er en vonir standa til að þar verði gerð bragarbót á. Í lok ágústmanaðar var vatnslögn lögð niður á svæðið og því hefur félagið loksins fengið rennandi vatn. Vinnuvélar Eypórs sáu um jarðvinnu, teiknistofan Faglausn sá um teikningar og skipulagningu og Hermann Sigurðsson sér um að reisa húsið en félagsmenn munu vinna eins og kostur er að fullgera allt að innan. Vonast er til að húsið verði fullgert á tveimur árum þó svo að ætlunin sé að taka það í notkun sumarið 2020 þó einhver frágangur verði eftir.

Frá upphafi hefur ekkert rafmagn eða rennandi vatn verið í félagsaðstöðu skotfélagsins. Gamla húsið var gaskynt, kaffið græjað á gashellu og sólarcellur kveiktu ljósin yfir vetrarmánuðina. Í sumar varð þó breyting á því, loksins er Skotfélag Húsavíkur komið með rennandi vatn en hvenær rafmagn kemur er ekki gott að segja til um en það er í vinnslu og gert verður ráð fyrir því í nýju húsi.

Yfirlit riffilmóta og riffilsvæðis: Þrjú riffilmót voru haldin á vegum Skotfélags Húsavíkur í kúlgreinum. Tvö 22 calibera mót þar sem skotið var á 50 metrum og eitt mót þar sem skotið var með stærri riffilum á 400 metra færi. Mæting var nokkuð góð eða um 10-12 manns á hvert mót. Þrjú riffilmót eru hins vegar of lítið og gera þarf betur í að virkja riffilsvæðið meira. Riffilsvæðið er eitt af þeim bestu á landinu og auðvelt ætti að gera betur í framtíðinni og vilji er meðal stjórnar og félagsmanna að

bæta um betur.

Skotfélaginu var boðið að taka að sér að halda Íslandsmót í Bench rest riffilskotfimi í september 2020. Þessi mót eru jafnan stærstu mót ársins í riffilskotfimi og helstu skyttur landsins mæta jafnan á þau. Skotfélag Húsavíkur hefur tvisvar áður haldið slík mót og hafa þau þótt takast mjög vel. Skotfélagið samþykkti að halda þetta Íslandsmót sem er á dagskrá STÍ (Skotíþróttasamband Íslands) og verður haldið um miðjan september 2020.

Riffilskyttur í félaginu voru á faraldsfæti árið 2019 og tóku þátt á mörgum mótum. Árangur þeirra var mjög góður og unnu þær til verðlauna á stærstu riffilmótum ársins, víðs vegar um land.

Riffilhús er í góðu standi. Nýlegt glæsilegt hús með fimm skotlúgum og er frambærilegt til hvers kyns mótahalds. Síðastliðið sumar var borið á húsið að utan en annað viðhald er ekki fyrirsjáanlegt á næstunni. Húsið er þriggja ára gamalt, fullgert og mikið til viðhaldsfrítt.

Riffilbrautin er 400 metra löng og á henni er mögulegt að keppa með riffilum af öllum stærðum, frá 25 metrum og út á 400 metra. Lítilsháttar viðhald er fyrirsjáanlegt á skotmörkum (grindum). Fjöldi þeirra sem taka hreindýrapróf var svipaður og undanfarin ár, rúmlega 30 skyttur. Skotfélagið er með á sínum snærum fjóra dómara vegna hreindýraprófa á vegum UST (Umhverfisstofnun) og líkt og með verklega þáttinn í skotvopnaprófunum fær skotfélagið greitt fyrir það.

Yfirlit leirdúfusvæðis: Opið var þrisvar í viku í allt sumar á leirdúfuvellinum sem er viðbót frá árinu áður. Enn virðist vera hægt að bæta við opnunardögum því ekkert lát var á aðsókn. Skotfélagið á orðið mjög öfluga iðkendur í leirdúfuskotfimi, nýliðun hefur orðið mikil og ungir skotáhugamenn eru að koma sterkir inn sem áhugasamir og virkir félagar.

Haldin voru 10 leirdúfumót í Compak sporting á árinu, þökk sé mikilli nýliðun og áhugasömum iðkendum. Þá gerðu nokkur fyrirtæki á Húsavík okkur kleift að gera þessi mót áhugaverðari og eftirsóknarverðari en ella. Mörg ár eru síðan svona mikil virkni hefur verið á leirdúfuvelli félagsins.

Árið 2018 var settur upp Compak sporting völlur og það virðist hafa kveikt aftur í skotáhugamönnum því aðsóknin margfaldaðist á milli ára en seldar voru tæplega 24.000 leirdúfur árið 2019 en það eru ca. 9000 fleiri leirdúfur en árið 2018. Þessar tölur sýna svo greinilega hversu mikil fjölgun er á leirdúfuvöllinn og á milli ára. Einnig fór mæting á mót framar vonum og fólk alls staðar að á landinu kom og sótti mót hjá Skotfélagi Húsavíkur eða að meðaltali um 13 manns á hvert mót. Skotfélaginu bauðst að halda Norðurlandsmeistaramót í Skeet á næsta ári sem verður að sjálfsögðu ekki skorast undan.

Félagsmenn sem stunda leirdúfuskotfimi hafa tekið miklum framförum í sumar og er árangur þeirra greinilegur enda stífar æfingar að baki. Skúrar sem geyma leirdúfukastarana eru í ágætu ásigkomulagi og liggur fyrir

viðhald á þeim næstu tvö árin. Þá var 20 feta geymslugám sem keyptur var árið 2018 komið endanlega fyrir á góðum stað, nálægt vellinum, þar sem auðvelt er að nálgast eða ganga frá kösturum, leirdúfum eða öðrum munum sem kunna að geymast þar inni.

Leirdúfumót ársins 2019 - Stiklað á stóru:

Páskamót, 19. apríl. Fyrsta mót ársins, 50 dúfna mót, gaf smjörþefinn af því sem koma skyldi þetta árið. 13 manns tóku þátt á mótinu, aðilar bæði frá Akureyri og Húsavík.

Vermismótið, 19. maí. Vermir SF styrkti mót annað árið í röð hjá okkur. 75 dúfna mót sem vonandi er komið til að vera. Akureyringar létu sig ekki vanta og sóttu mótið og náði því keppendafjöldi 10 manns.

Compak Sporting, 6. júní. Eitt af tveimur mótum á árinu sem keppt var í tveimur flokkum, vanir og óvanir. 50 dúfna mót sem tókst vel til og gaman að geta haft flokk með óvönum, það gefur til kynna að nýliðun sé í félaginu.

Jónsmessumótið, 21. júní. Miðnæturmót sem sló í gegn hvað mætingu varðar. Virkilega skemmtileg tilbreyting að byrja að skjóta á miðnætti. Skotnar voru 50 dúfur og mættu 19 manns. Mesta mæting á mót hjá okkur hingað til og voru menn frá öllum landshornum en tók mótið um þrjá klukkutíma. Í ljósi hversu margir mættu var umræða hávær meðal félagsmanna um félagsaðstöðuna okkar. Greinilega kominn tími á stærra hús og bætta aðstöðu.

Húsavíkurmeistaramótið, 13. júlí. Þetta mót er eitt af okkar stærri mótum og eru skotnar einar 100 dúfur. 15 manns í heildina tóku þátt, aðilar frá Húsavík, Akureyri og Reykjavík. Við fengum lánaða nokkra kastara frá Skotfélagi Akureyrar. Virkilega góður árangur hjá mönnum á þessu móti en Húsavíkurmeistari 2019 var Ómar Örn Jónsson með 96 dúfur af 100. Þetta mót var styrkt af Norðlenska með góðgæti fyrir keppendur. Á meðan móti stóð var grillað og gert sér glaðan dag. Allflestir fóru því saddir og sælir heim eftir langt og gott mót.

Ungmennafélagsandamótið, 18. júlí. 50 dúfna innanfélagsmót sem ákveðið var að halda með mjög stuttum fyrirvara. Ástæðan var einfaldlega sú að afgangur var af grillkjöti frá Húsavíkurmeistaramótinu. Því var tilvalið að leyfa félagsmönnum að njóta þess, hafa gaman saman í góðum félagsskap án nokkurs stress, mót eingöngu gert til að koma saman og hafa gaman yfir góðum mat. 13 félagsmenn mættu í gleðskapinn og enginn fór svangur heim.

Víkurráfmótið, 17. ágúst. 75 dúfna mót sem styrkt var af Víkurraf ehf. en þeir gáfu verðlaun í efstu þrjú sætin sem og útdráttarverðlaun, eins og árið áður. 10 keppendur tóku þátt á mótinu. Farnar voru óhefðbundnar leiðir við að skjóta dúfur á þessu móti. Það var skotið á fimm stöðum eins og gengur og gerist en misjafnt hvort menn þurftu að standa, krjúpa eða sitja á meðan skotið var. Þá voru kastararnir færðir á óvenjulega staði og skotið á dúfur frá mismunandi sjónarhornum til að líkja sem mest eftir raunverulegri veiði. Skemmtilegt mót sem stefnt er á að hafa árlegt.

Hlaðmótið, 8. september. Annað 100 dúfna mótið í sumari. Keppt var í tveimur flokkum og styrkti Hlað sf. mótið með verðlaunum í efstu þrjú sætin í báðum flokkum sem og útdráttarverðlaun. 13 keppendur tóku þátt á mótinu.

PCC mótið, 13. október. PCC mót í Compak sporting. Skotnar voru 75 dúfur en aðeins sex tóku þátt. Styrkur PCC var í formi efniviðar til uppbyggingar.

Landsbankajólamótið, 29. desember. Síðasta mót ársins var haldið var milli jóla og nýárs eins og venjan er og var styrkt af Landsbankanum. 75 dúfna mót og mættir til leiks voru 15 keppendur. Mikið óveður gekk yfir landið rétt fyrir jól og fór skotvöllurinn á kaf í snjó. Leirdúfukastarar og skúrar fylltust af snjó og gámurinn okkar fór á kaf en með öflugum félögum var mokað frá, klaki bræddur, snjó sópað burt og haldið stórgott mót. Mótið byrjaði snemma og í myrkri. Því var fyrsti hringur skotinn í myrkri og var völlurinn lýstur upp með kösturum á fjallajepum félagsmanna.

Tekjur og styrkir: Helstu tekjur félagsins eins og síðastliðin ár koma inn af félagsgjöldum, lyklagjaldi af ríffilhúsi, hreindýraprófum og opnunum á leirdúfuvelli. Þá hefur skotfélagið séð um verklega þáttinn í skotvopnanámsskeiðum UST hér í nágrenni Húsavíkur og fær greitt fyrir það. Annað slagið koma einnig hópar eða fyrirtæki í óvissuferð til okkar og borga fyrir það vægt gjald sem segir þó margt fyrir lítið félag í sókn.

Skotfélagið endurnýjaði samning við Norðurþing til fimm ára og fær greitt árlega um það bil 600.000 kr.- gegn því að félagar sinni áramóta- og þrettándabrennu. Þá sótti skotfélagið um styrk til sveitafélagsins við uppbyggingu nýrrar félagsaðstöðu og fékk 10 milljónir sem greiddast út á næstu 5 árum. Félagið sótti einnig um 10 milljón kr. styrk til Mennta- og menningarmálaráðuneytisins en fékk þar af aðeins 1,5 milljón sem enn hefur ekki verið greidd að fullu út.

Samantekt: Skotfélagið er á hraðri uppleið, félagsmönnum fjölga og er eftirtektarvert. Uppbygging á svæðinu heldur áfram og stækkar félagið sífellt við sig. Endurskoðaðir og nýir samningar við Norðurþing litu dagsins ljós sem og loks að félagið fékk rennandi vatn á svæðið. Félagsmenn stóðu sig gríðar vel, sóttu mót hjá öðrum félögum og unnu til verðlauna hér og þar. Skotfélagið stefnir á að láta áfram á sér bera og halda áfram uppbyggingu. Eins og í öðrum smáum félögum þá væri Skotfélag Húsavíkur ekki það félag sem það er í dag nema með hjálp félagsmanna, áhuga þeirra og trausti. Allt unnið og öllu haldið við í sjálfböðavinnu.

Skotfélag Þórshafnar og nágrennis

Skotfélag Þórshafnar var ekki með neina starfsemi fyrir árið 2019.

Rúnar Konráðsson, formaður

Ungmennafélagið Austri

Æfingar

Æfingar hófust í febrúar. Boðið var upp á jóga 2x í viku undir leiðsögn Ólafíu Guðbergsdóttur Wium. Góð mæting var hjá yngri nemendum. Ólafía var einnig með jóga námskeið fyrir fullorðna. Þessi jóganámskeið voru út mars.

Í febrúar hófst einnig leikjánaðmskeið 2x í viku fyrir yngri nemendur og frjálsar/fótbolti fyrir þau eldri. Leiðbeinandi var Dagný Ríkharðsdóttir. Æfingar þessar stóðu til 10. apríl. Góð þátttaka var á báðum aldurshópum.



Sumaræfingar voru í umsjón Helgu Bergsdóttur, hófust þær um miðjan júní og stóðu til 20. júlí. Æfingarnar voru í formi leikjánaðmskeiðs og voru fyrir börn á aldrinum 5-10 ára.

Í nóvember var samið við Erlu Rut Þorsteinsdóttur um að vera með n.k. tómstundastarf fyrir nemendur skólans einu sinni í viku þar sem ekkert var í boði á vegum sveitarfélagsins og enginn fánlegur til að vera með íþróttæfingar. Þetta var í boði í nóvember og desember og nemendur mjög ánægðir með þessa tilbreytingu sem fólst m.a. í leikjum í íþróttahúsi, útiveru, spilakvöld og jólabakstri.

Blakæfingar hjá fullorðnum voru 1-2x í viku með hléi yfir sumartímann. Góð þátttaka var í blakinu á vorönn en heldur minni það sem af er vetri.



Þátttaka á mótum / námskeiðum

18. júlí kom Siguróli Kristjánsson frá KSÍ í heimsókn og var með kynningu á fótbolta. Þetta var hluti af verkefninu „Komdu í fótbolta með Mola“. Mæting var góð, 11 krakkar mættu á æfinguna/kynninguna.

Björn Grétar Ríkharðsson tók þátt í krakkamóti KA í fótbolta með UMFL í maí. Björn Grétar og Höskuldur Breki Steinþórsson tóku þátt í marsmóti HSP á Húsavík. Björn Grétar og Höskuldur Breki tóku þátt í knattspyrnskóla Coerver sem fram fór á Þórshöfn 27. – 29. september.

Annað

Aðalfundur UMF Austri var haldinn 19. febrúar í Grunnskóla Raufarhafnar. Gunnhildur Hinriksdóttir og Stefán Jónasson mættu fyrir hönd HSP. Ein breyting varð á stjórn, þar sem Angela Agnarsdóttir kom inn í stað Ragnars A. Jóhannssonar.

Þar sem allir stjórnarmenn UMF Austri voru að heiman á 17. júní þá var ákveðið að halda fjölskyldudag þann 10. júní sem hófst með kvennahlaupi kl. 11:00. Eftir hádegi var svo farið í leiki með þátttakendum á öllum aldri, blöðrusala og boðið upp á grillaða hamborgara og drykki.

Eins og undanfarin ár hafa eldri borgarar á Raufarhöfn verið mjög duglegir að mæta í íþróttahúsið og hreyfa sig saman.

Birna Björnsdóttir hefur verið fulltrúi UMF Austri í Ásbyrgisnefndinni undanfarin ár, sem sér um að undirbúa og starfa á hinu árlega Ásbyrgismóti. Einnig hefur Nanna Steina Höskuldsdóttir komið að undirbúningi.

UMF Austri hefur greitt ferðakostnað og námskeiðsstyrki fyrir þá sem sækja íþróttanámskeið utan Raufarhafnar.

Stjórn

Í stjórn UMF Austri eru:

Birna Björnsdóttir, formaður
Olga Friðriksdóttir, gjaldkeri
Karítas Ríkharðsdóttir, ritari
Nanna Steina Höskuldsdóttir
Angela Agnarsdóttir

Fyrir hönd UMF Austri,
Birna Björnsdóttir,
Nanna Steina Höskuldsdóttir og
Olga Friðriksdóttir



Ungmennafélagið Bjarmi

Ungmennafélagið Bjarmi var stofnað 1908.

Aðalfundur Bjarma 2019 var haldinn í Gamla Barnaskólanum í Skógum þann 4. mars 2019 og var mæting nokkuð góð. Stjórn Bjarma skipa Birna Davíðsdóttir formaður, Helen Jónsdóttir ritari og Jón Þórir Óskarsson gjaldkeri.




Stjórn Bjarma hélt nokkra stjórnarfundir, bæði formlega og óformlega á árinu líkt og venjulega. Þrír Bjarmafélagar mættu á Ársþing HSP sem haldið var þann 10. mars í Skjólbrekku í Mývatnssveit. Skemmtilegt og upplýsandi þing líkt og venjulega.

Formenn nefnda frá júní 2018 til júní 2020 eru: Fótbolta-nefnd: Hermann Hauksson, Íþróttanefnd: Rúnar Ísleifsson, Ferðapjónustunefnd: Sigríður Karlsdóttir, Vallar-nefnd: J. Bjarki Jóhannesson, Húsnefnd: Jón Þ. Óskarsson, Ferðanefnd: Sigrún Jónsdóttir, Spilaneftnd: Hlíf Guðmundsdóttir og Ballneftnd: Gunnhildur W. Björnsdóttir.

Nefndarstörf ungmennafélagsins voru nokkuð hefðbundin á árinu. Íþróttanefndin sá um að skipuleggja íþróttæfingar barna yfir vetrarmánuðina en meðal annars var boðið uppá íþrótt- og leikjánaðmskeið, badminton og körfubolta. Bjarmi bauð upp á leikfimi fyrir 60+ í samstarfi við Stórutjarnaskóla einu sinni í viku undir stjórn Olgu íþróttakennara og voru þó nokkrir sem nýttu sér það. Þá er þó nokkur hópur barna og fullorðinna sem stunda knattspyrnu, frjálsar íþróttir, íhokki, blak og fleiri íþróttir í nágrennasveitum. Sumarið 2019 var haldið leikjánaðmskeið á Bjarmavelli auk þess sem ungmenni hittast og spila fótbolta einu sinni til tvisvar í viku. Ferðapjónusta var nokkur en haldin voru ættarmót og afmæli á Bjarmavelli, sem þóttu takast mjög vel enda aðstaðan á vellinum góð. Góð mæting var á Bjarmaball sem haldið var á Illaugastöðum í nóvember þar sem Ari Baldursson spilaði fyrir dansi.

Bjarmahátíð var haldin þann 11. ágúst á Bjarmavelli. Bjarmafélagar og gestir léku sér saman í ringó, frísbíggfí, fótbolta og pokahlaupi svo eitthvað sé nefnt. Þá var farið í lautarferð upp að palli þar sem leikin var tónlist, dansað og drukkið kvöldkaffi.

Að lokum má geta þess að Bjarmi og Skógræktin stóðu saman að lagningu skíðagöngubrautar í Vaglaskógi í



nokkur skipti í febrúar og mars og héldu Fjölskyldudag 30. mars. Dagurinn tókst í alla staði mjög vel og væntum við góðs af samstarfinu í framhaldinu.

Stjórn Bjarma

Ungmennafélagið Efling

Árið 2019 var nokkuð hefðbundið hjá félögum og iðkendum í Umf. Eflingu með íþróttum, leikjum, listum og skemmtunum.




Aðalfundur Umf. Eflingar var haldinn 11. apríl 2019. Nýr formaður var kjörinn, Eva Hjaltalín og Aðalsteinn Már Þorsteinsson var endurkosinn sem ritari. Áfram sitja í stjórn Gunnhildur Hinriksdóttir, gjaldkeri, og Andri Hnikarr Jónsson og Pétur Ingólfsson í varastjórn. Nefndir á vegum félagsins eru nokkrar: íþróttanefnd, leikneftnd, bogfimineftnd, umhverfisneftnd, golfneftnd, minjanefnd og þorablótsneftnd.

Boðið var upp á fótbolta fyrir yngri og eldri hóp, körfubolta, frjálsar/leiki og sund, einu sinni í viku hver æfing á vorönn auk fjölskyldutíma á laugardögum. Sumaræfingar hófust 21. maí og voru almennar íþróttæfingar 2x í viku þar sem farið var í fótbolta og frjálsíþróttir, leiki og bogfimi. Umsjón með æfingunum höfðu Andri Hnikarr Jónsson og Gunnhildur Hinriksdóttir en einnig sá Stefán Valþórsson um þjálfun fótbolta. Ekki var farið á nein fót-boltamót en krakkar tóku þátt í Sumarleikum HSP á Laugum.

Haustæfingar hófust í september. Boðið var upp á sund 1x í viku undir stjórn Rebekku Lind Baldursdóttur og Hönnu Gerðar Jónsdóttir, fótbolta 1x í viku undir stjórn Einars Arnar Sigurðssonar og Guðmundar Gígjars Sigurbjörnssonar, leiki/frjálsar 1x í viku undir stjórn Erlu Rósar Ólafsdóttur, en þetta eru allt nemendur á íþróttabraut Framhaldsskólans á Laugum. Bogfimi var 1x í viku undir stjórn Guðmundar Smára Gunnarssonar og þá var ákveðið að hafa frjálsíþróttæfingar fyrir 11 ára og eldri sem hingað til hafa verið á vegum Frjálsíþróttaráðs HSP. Æfingarnar voru undir stjórn Gunnhildar Hinriksdóttur.

Bogfimiæfingar hófust aftur af krafti haustið 2019 en hátt í 20 krakkar hafa verið að mæta auk fullorðinna iðkenda. Tveir keppendur tóku þátt í mótum á árinu, feðgarnir



Unnsteinn Ingason og Ásgeir Ingi Unnsteinsson, og stóðu sig mjög vel en þeir keppa báðir með sveigboga. Unnsteinn náði 3.-4. sæti á Íslandsmóti 50+ innanhúss og Ásgeir náði 2. sæti á Íslandsmóti U21 innanhúss. Ásgeir tók einnig þátt í IceCup mótariðinni og varð í 3. sæti á janúarmóti og í 1. sæti á aprílmóti.

Ásgeir fór svo á Norðurlandameistaramótið í Danmörku í sumar og endaði í 9. sæti á móti eftir útsláttarkeppni og varð næsthæstur þeirra Íslendinga sem kepptu í U21 sveigboga. Á Íslandsmeistaramóti U21 utanhúss varð Ásgeir í 1. sæti og bætti jafnframt Íslandsmeitið á 70 metrum upp í 567 stig í U21 flokki. Fyrir þennan árangur var Ásgeir tilnefndur til kjörs íþróttamanns HSP.

Veturinn 2018-2019 bauð blaknefnd Eflingar upp á æfingar 2x í viku, á mánudags- og miðvikudagskvöldum í íþróttahúsinu á Laugum, frá byrjun september og fram í byrjun maí. Um 20 karlar voru virkir en fastur kjarni taldi þó eingöngu um 12. Um veturinn var farið á nokkur skemmtiblakmót á Norðurlandi auk þess sem hópurinn stóð fyrir einu slíku karlablakmóti sjálfir. Um vorið fór svo hópurinn með tvö lið á hið árlega Öldungablakmót BLÍ sem að þessu sinni var haldið í Keflavík.

Golfvöllurinn við Reykjadalssá var ágætlega nýttur á árinu og var boðið upp fría kennslu a.m.k. eitt skipti. Völlurinn opnaði um miðjan maí og voru tvö mót haldin yfir sumarið, fyrirtækjamót og 17. júní mót. Umsjón með vellinum hefur verið unnin í sjálfboðavinnu nefndarmanna en að öðrum ólöstuðum má þakka Konráði Erlendssyni sérstaklega fyrir að sjá um sláttinn.

Leiknefnd setti upp leikritið Brúðkaup eftir Guðmund Ólafsson undir leikstjórn Völu Fannell, tónlistarstjórn var í höndum Jaan Alavere. Sýningin var vel sótt en 1229 árhorfendur komu á þær 18 sýningar sem sýndar voru. Boðað var til fyrsta samlestrar undir stjórn leiknefndar í byrjun desember. Æfingar hófust með leikstjóra 10. janúar 2019. Æfingar gengu vel og var verkið frumsýnt 9. febrúar. Þátttakendur voru eins og yfirleitt áður blanda af gamalreyndum leikurum og öðrum minna reyndum. Leikarar voru 17 auk fjögurra manna hljómsveitar að ógleymdum þeim fjölmörgu sem komu að sýningunni á einn eða annan hátt en þátttakendur voru alls 38. Lokasýningin var 31. mars og var sú sýning jafnframt styrktarsýning fyrir ungan mann úr Þingeyjarsveit sem barist hefur við alvarleg veikindi.

Að venju var Leikdeildin í samstarfi við Kvenfélag Reykdæla og Dalakofann. Konur í Kvenfélagi Reykdæla sáu um veitingasölu á sýningum og Dalakofinn bauð upp á sér-

stakan leikhúsmatseðil fyrir þá leikhúsgesti sem vildu fara út að borða í tengslum við leikhúsféð. Þetta mæltist vel fyrir og var mikið nýtt.

Af öðrum verkefnum ársins hjá ungmennafélaginu má nefna Þorablót Umf. Eflingar sem fram fór þann 2. febrúar 2019. Var blótið mjög vel sótt og lék hljómsveitin Gourmet fyrir dansi. Umhverfisdagur var haldinn þann 23. maí. Þátttakendur gengu meðfram vegum og tíndu rusl og enduðu daginn í grilli eftir gott verk. 17. júní var haldinn hátíðlegur en sökum veðurútlits var ákveðið að færa hátíðarhöldin inn í íþróttahús eftir stutta skrudgöngu kringum tjörnina. Hátíðarræðuna flutti Arna Kristín Sigfúsdóttir og fjallkona var Eva Sól Pétursdóttir. Leigðir voru tveir hoppukastalar og boðið upp á kerruferðir og teymt var undir á hestum. Freydis Anna Arngrímsdóttir stjórnaði leikjum. Formaður og gjaldkeri sóttu námskeið á vegum HSP um stjórnun íþróttafélaga. Starfsárinu lauk svo með hefðbundinni félagsvist undir lok árs.



Stjórn Umf. Eflingar

Ungmennafélagið Einingin

Einingin sá um þorablót í Bárðardal sem haldið var fyrsta laugar dag í þorra og var mæting góð en þessi samkoma er stærsta fjáröflun félagsins.



10. mars mættu tveir fulltrúar Einingarinnar á ársþing HSP í Mývatnssveit.

Stubbaboltinn (fótboltaæfingar fyrir unga krakka) var frekar slakur sumarið 2019 og voru æfingar fáar en stefnt er á að gera betur næsta sumar: Einnig voru sótt fótboltanámskeið og æfingar til Akureyrar. Einingin hélt áfram með leikfiminámskeið með fimleikaívafti eftir skóla í salnum á Stórutjörnum á vorönn 2019. Á haustönn voru æfingarnar fluttar í salinn í Kiðagili og voru þátttakendur 8 talsins. Nokkrir krakkar frá Einingunni æfa einnig íþróttir á Stórutjörnum sem ungmennafélagið Bjarni stendur fyrir.

Formaður fundaði með hinum ungmennafélögnum í Þingeyjarsveit þar sem rætt var starf félaganna sem og rætt um sameiningarhugleiðingar nokkurra aðila. Heiðrún og Sigurlína fóru á námskeið í stjórnun félaga sem haldið var á Húsavík í fyrrihluta október en þar var m.a. fjallað um mikilvægi íþrótt- og félagsstarfs, um

sjálfboðastarf og margt fleira.

Einingin bauð upp á akstur í 4 skipti í sund á Laugum á haustmánuðum í október og nóvember. Þátttaka var þó ekki jafn góð og vonast var til en ýmsar ábendingar komu um að e.t.v. væri þetta ekki góður tími til að reyna slíkt og kannski betra að reyna annan tíma en þennan.

Sigurlína Tryggvadóttir, formaður

Ungmennafélagið Geisli

Starfsemi Geisla var með minnsta móti á þessu ári. Skipulagðar æfingar fyrir krakka voru ekki á árinu en krakkar í Geisla hafa æft knattspyrnu, sund, blak, og fleiri greinar með öðrum félögum á svæðinu.

Árni G. Helgason, formaður

Ungmennafélag Langnesinga

Þjálfarar og æfingar

Þjálfarar hjá Ungmennafélagi Langnesinga með fasta dagskrá voru fimm á árinu. Þeir voru Aron Ragnar Unnsteinsson, Lára Björk Sigurðardóttir, Ágústa Lind Jóhannesdóttir, Árni Sigurðsson og Dominik Michal Potrykus. Þá hafa Margrét Guðmundsdóttir og Oddur Skúlason hlaupið í skarðið í forföllum. Æfingar voru í knattspyrnu og frjálsum íþróttum með nokkuð hefðbundnu sniði, þ.e. að hver hópur geti æft hvora íþrótt tvisvar sinnum í viku. Á haustönn bættist við ein æfing í viku í fimleikum sem tilraunaverkefni og til að auka fjölbreytni í æfingum og þá sérstaklega fyrir yngri iðkendur. Óhætt er að segja að áhuginn sé mikill og gott sé að geta byggt á þeim grunni sem nú er kominn.

Blak var iðkað allt árið í fullorðins flokkum og keppt var á þremur mótum á vorönn. Árni Sigurðsson þjálfar blaklið fullorðinna sem spila undir merkjum UMFL. Um er að ræða bæði karla og kvennalið.

Aron Ragnar sá um allar æfingar á vorönn. Lára Björk og Aron sáu um allar æfingar á sumarönn. Þau létu bæði af störfum að þeirri önn lokinni og þökkum við þeim kærlega fyrir það góða starf sem þau inntu af hendi. Á haustönn komu nýir þjálfarar til starfa. Þau Dominik, sem sá um knattspyrnuæfingar og Ágústa sem sá um frjálssar og fimleika. Þau voru að þreyta sína frumraun í þjálfun og þeim má hrósa fyrir það að stíga það skref; að þjálfra íþróttir.



Við fengum til okkar hinn frábæra knattspyrnuskóla Coerver Coaching í lok september og var hann vel sóttur og höfðu þátttakendur gaman af.

Keppnisferðir árið 2019

Iðkendur í knattspyrnu í 6. og 7.flokki kepptu á fjölmörgum mótum á árinu og stóðu sig að venju frábærllega. Til að mynda fóru þau á Goðamótið, Fjarðarálsmótið, Stefnumót KA á Akureyri, Króksmótið á Sauðárkróki og Orkumótið í Vestmannaeyjum en þar var farið með sameiginlegt lið Einherja og UMFL. Einnig fóru báðir flokkar á Curio mótið á Húsavík. Á öllum mótum voru keppendur til fyrirmyndar og fengu háttvísisverðlaun meðal annars á Fjarðarálsmótinu.

Iðkendur í frjálsum íþróttum hjá UMFL tóku þátt í ýmsum mótum og viðburðum bæði undir merkjum UMFL og HSP. Til að mynda voru iðkendur hjá UMFL á Marsmóti HSP á Laugum, Sumarleikum HSP, Unglingalandsmóti UMFI, Akureyrarmóti UFA og Norðlenska, MÍ 15-22, Vormóti ÍR, Minningarmót Ólivers og Stórmóti ÍR.

Erla Rós Ólafsdóttir tók þátt í nokkrum mótum á árinu með afburðar árangri í spjótkesti og náði með árangri sínum í Úrvalshóp FRÍ 2019-2020. Hún er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur og okkur öll. Foreldrar iðkenda hafa í öllum tilfellum fylgt sínum börnum til keppni og erum stolt af þátttöku þeirra og stuðningi við íþróttaiðkun barna sinna.

Ásbyrgismótið var haldið að venju og þátttakendur voru fjölmargir. Mótið tókst vel en skoða þarf með hvaða hætti er hægt að halda þessari einstöku samkomu áfram.

Önnur verkefni

Fjárafilanir voru með hefðbundnu sniði þar sem flösku- og dósasöfnun fer fram og sala á rækjum og pappír hefur haldið sér að mestu. Þó er nokkuð breytt snið á því, þar sem prófað var að útdeila afmörkuðum fjárfilunum til einstakra hópa eða einstakra verkefna. Það er hins vegar álitamál hvort þetta sé heppilegra en önnur úrræði við fjárafilanir. Langaneshlaup UMFL var haldið 1.maí og var mjög góð þátttaka hjá ungum jafnt sem öldnum og gaf Samkaup ávexti eftir hlaup og MS gaf hleðslu. Allir fengu þátttökupening eftir hlaup og allt að kostnaðarlausu. Þökkum við fyrir stuðning frá Samkaup og MS.

Grasrótarverkefni KSÍ kom bæði við á Ásbyrgismótinu og haldin var æfing á Þórshöfn. Vel tókst til og okkar börn sýndu brennandi áhuga á verkefninu.

Æfingargjöld eru innheimt þrisvar á ári eftir annarskiptum og hefur það fyrirkomulag verið síðan 2016 og gefist vel. Þá er vert að nefna frístundarstyrk sem foreldrar barna í Langaneshbyggð geta sótt um og er það vel. Áfram er starf UMFL tengt skóladagatali og er það einróma álit stjórnar að það sé til fyrirmyndar að halda því til streitu sé þess nokkur kostur. Fyrirkomulagið er auðvelt í meðhöndlun fyrir foreldra að vita hvenær er frí frá æfingum vegna annars en forfalla sem dæmi.

Aðalfundur fyrir árið 2018 var haldin í félagsheimilinu

Þórsveri þann 13.júní þar sem Hrafngerður Ösp Elíasdóttir, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir og Stefán Benjamínsson fóru úr stjórn, sem og Sigríður Harpa Jóhannesdóttir sem var varamaður. Þökkum við þeim kærlega fyrir ötult og óeigingjarnt starf fyrir félagið. Í stjórn voru kosin Almar Marinósson formaður, Hjördís Matthilde Henriksen varaformaður, Vilborg Stefánsdóttir ritari, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir gjaldkeri og Ólína Ingibjörg Jóhannesdóttir meðstjórnandi. Til vara voru kosin Siggeir Stefánsson og Sara Stefánsdóttir.

Á ársþing HSP fóru þau Jónas, Halldóra Jóhanna, Ásdís Hrönn, Sigríður Harpa, Erla Rós, Heiðmar, Teitur og Aron fyrir hönd UMFL.

Keppnis- og æfingafatnaður félagsins var endurnýjaður og skipt var um búningabirgja. Ákveðið var að skipta að þessu sinni við Macron á Íslandi. Litir í búningi eru þeir sömu og voru, gulur og svartur.

Ungmennafélag Langnesinga á sér langa og viðburðaríka sögu. Ötult starf foreldra og sjálfboðaliða er það sem heldur starfinu gangandi. Það hefur mikið að segja fyrir samfélög sem þessi að starfsemi íþróttafélaga eins og UMFL sé með sem bestum hætti og nýttir séu hæfileikar hvers og eins sem að því koma. Þar má nefna t.d. fimleikaæfingar. Ágústa sem er svo til nýflutt í Langanesbyggð hafði áður æft fimleika og sáum við þar tækifæri til þess að kynna þá fyrir okkar iðkendum, sem algera viðbót við það sem fyrir var. Þó skal hafa í huga að á stundum hefur starfið tekið bæði hæðir og lægðir og er því mikilvægt að samfélagið allt taki virkan þátt í starfsemiinni, með einum eða öðrum hætti.

Með ungmennafélagskveðju f.h. stjórnar,

Almar Marinósson, formaður

Ungmennafélagið Leifur heppni

Líkt og árið 2018 lá ungmennafélagið að mestu í dvala.

Undanfarin ár og áratugi hafa íþróttæfingar að sumarlagi verið fastur punktur í lífi barna á svæðinu, en annað árið í röð var ákveðið að halda þær ekki vegna barnafæðar. Enn er það er von félagsins að þær verði teknar upp síðar.

Félagar úr Leifi heppna tóku þó þátt í Ásbyrgismóti, líkt og áður, en það var haldið dagana 12.-14.júlí. Var það þokkalega sótt af félögum í Leifi heppna.

Nokkrar umræður hafa verið um sameiningu ungmennafélaga á svæðinu við Öxarfjörð, þar sem það er eitt skólahverfi en tvö af þremur félögum eru óvirk, og það þriðja, Leifur heppni, er á barmi þess sökum fólksfæða, eru þau mál í gerjun sem fyrr.

Í stjórn sitja Salbjörg Matthíasdóttir formaður, Guðríður Baldvinsdóttir gjaldkeri og Ágústa Ágústsdóttir ritari.

F.h. stjórnar, Guðríður Baldvinsdóttir



Heiðranir UMFÍ og ÍSÍ

Gullmerki UMFÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Sigfús Haraldur Bóasson	2014
Anna Sigrún Mikaelisdóttir	2014

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Arnór Benónýsson	2006
Kristján Yngvason	1997
Óskar Ágústsson	1976

Starfsmerki UMFÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Guðrún Kristinsdóttir	2018
Kristján I Jóhannesson	2017
Arngeir Friðriksson	2016
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Jón Þórir Óskarsson	2015
Magnús Þorvaldsson	2015
Freydís Anna Arngrímsdóttir	2014
Sigbrúður Stella Jóhannsdóttir	2014
Björn Ingólfsson	2013
Birna Björnsdóttir	2012
Þóra Fríður Björnsdóttir	2011
Linda M. Baldursdóttir	2010
Hermann Aðalsteinsson	2010
Sölvi Steinn Alfreðsson	2009

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Haraldur Bóasson	2008
Arnór Benónýsson	2006
Baldur Daníelsson	2006
Anna S. Mikaelisdóttir	2005
Pétur Yngvason	2000
Sigurður V. Sigmundsson	1992
Halla Loftsdóttir	1988
Völundur Hermóðsson	1988
Guðni Halldórsson	1987
Kristján Yngvason	1987
Freyr Bjarnason	1984
Svanhildur Hermannsdóttir	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Þormóður Jónsson	1977
Vilhjálmur Pálsson	1977
Arngrímur Geirsson	1976
Arnaldur Mar Bjarnason	1975
Eysteinn Hallgrímsson	1973
Gunnlaugur Tr. Gunnarsson	1973
Þórður Jónsson	1973
Óskar Ágústsson	1971
Stefán Kristjánsson	1971

Ungmennasamband Norður-Þingeyinga

Aðalbjörn Gunnlaugsson	1986
Brynjar Halldórsson	1975

Heiðursorða ÍSÍ

Óskar Ágústsson	Ártal
	1970

Gullmerki ÍSÍ

Héraðssamband Þingeyinga	Ártal
Jón Fr. Benónýsson	2019
Jóhanna S. Kristjánsdóttir	2015
Anna Rúna Mikaelisdóttir	2010
Arnór Benónýsson	2010

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Halldór Bjarnason	1997
Magnús Þorvaldsson	1997
Vilhjálmur Pálsson	1984
Þormóður Ásvaldsson	1984
Jónas Geir Jónsson	1977
Gunnlaugur Jónsson	1974
Þormóður Jónsson	1974
Þórður Jónsson	1974
Sigurður P. Björnsson	án ártals
Óskar Ágústsson	1964

Silfurmerki ÍSÍ

Kristján Stefánsson	2019
Kolbrún Ívarsdóttir	2018
Baldvin Kristinn Baldvinsson	2018
Birna Davíðsdóttir	2017
Helen Jónsdóttir	2017
Elísabet Sigurðardóttir	2016
Hulda Skarphéðinsdóttir	2016
Torfhildur G. Sigurðardóttir	2015
Ágústa Pálsdóttir	2014
Fríðrika Björk Illugadóttir	2013
Stefán Jónasson	2012

Héraðssamband Suður-Þingeyinga	
Anna Sigrún Mikaelisdóttir	1997
Hanna Stefánsdóttir	1997
Ingólfur Freysson	1997
Jóna Matthíasdóttir	1997
Ævar Ákason	1997

Íþróttamaður HSP

Héraðssamband Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2018	Þórarinn Ragnarsson	Snæfaxi
2017	Eyþór Kári Ingólfsson	Einingin
2016	Thelma Dögg Tómasdóttir	Grani
2015	Jóhannes Friðrik Tómasson	Efling
2014	Kristbjörn Óskarsson	Völsungur
2013	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2012	Signý Stefánsdóttir	Mývetningur
2011	Hafðís Sigurðardóttir	Bjarmi
2010	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2009	Bjarni Þór Gunnarsson	Mývetningur

Héraðssamband Suður-Þingeyinga

Ártal	Nafn	Félag
2008	Hafðís Sigurðardóttir	Bjarmi
2007	Hafðís Sigurðardóttir	Bjarmi
2006	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2005	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2004	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2003	Þorsteinn Ingvarsson	Einingin
2002	Pálmi Rafn Pálmason	Völsungur
2001	Hildigunnur Káradóttir	Mývetningur
2000	Inga Gerða Pétursdóttir	Mývetningur
1999	Sigurbjörg Hjartardóttir	Völsungur
1998	Arngeir Friðriksson	Efling
1997	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1996	Arngeir Friðriksson	Efling
1995	Valgerður Jónsdóttir	Efling
1994	Gunnhildur Hinriksdóttir	Eilífur
1993	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1992	Sigurbjörn Árni Arngrímsson	Mývetningur
1991	Margrét Hermannsdóttir	Magni
1990	Unnar Vilhjálmsson	Efling
1989	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1988	Jónas Óskarsson	Völsungur
1987	Ágústa Pálsdóttir	Einingin
1986	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1985	Sólveig Árnadóttir	Efling
1984	Kristján Hjálmarsson	Völsungur
1983	Eyþór Pétursson	Mývetningur
1982	Stefán Geir Jónsson	Völsungur
1981	Vignir Valtýsson	Bjarmi
1980	Ragna Erlingsdóttir	Bjarmi
1979	Björn Olgeirsson	Völsungur
1978	Bergþóra Benónýsdóttir	Efling
1977	Kristján Olgeirsson	Völsungur
1976	Ingi Yngvason	Mývetningur
1975	Ingi Yngvason	Mývetningur

Íþróttamenn ársins 2019

Blakmaður HSB

Arna Védís Bjarnadóttir – Völsungur

Arna Védís Bjarnadóttir, Völsungi, hefur þrátt fyrir ungan aldur verið burðarás í meistaraflokkslíði Völsungs undanfarin ár. Hún lék stórt hlutverk í liði Völsungs tímabilið 2018-2019 þegar liðið náði þeim frábæra árangri að spila í undanúrslitum bæði í Bikarkeppni og Úrvalsdeild Blaksambands Íslands sem er jafnframt besti árangur Völsungs í liðsípótt á Íslandsmóti á þessari öld.

Arna Védís var valin í landslið Íslands í blaki haustið 2018 og lék þá sinn fyrsta Landsleik fyrir Íslands hönd á Ítalíu. Arna hefur einnig leikið fyrir U19 ára landslið Íslands.

Vorið 2019 var Arna aftur valin til æfinga með A landsliðinu og er nú milli jóla og nýárs í æfingabúðum í Reykjavík þar sem lokahópur verður valinn fyrir verkefni liðsins strax eftir áramót.

Arna Védís er frábær fyrirmynd innan vallar sem utan. Hún leggur sig alltaf alla fram á æfingum og í keppni og hefur varla misst úr æfingu eða leik þau 3 og hálf ár sem hún hefur æft og keppt með meistaraflokki Völsungs í Blaki og sýnt þannig frábært fordæmi fyrir yngri blakara sem stefna langt í íþróttinni.



Bocciamaður HSB

Vilberg Lindi Sigmundsson – Völsungur

Vilberg Lindi Sigmundsson, Völsungi, er öflugur bocciaspilari, hann hefur æft og spilað með Völsungi frá 16 ára aldri. Dugnaður, ástundun og áhugi hans einstakur, missir aldrei úr æfingu eða mót.

Árið 2019 var Vilberg Linda afar gott „Bocciaár“ eins og mörg undanfarin ár. Hann keppti á öllum mótum ársins innan ÍF, á Íslandsmótum bæði í einstaklings og liðakeppni, hann keppti með B-sveit Völsungs í 1. deild og einstaklingskeppni í 2. deild. Þá keppti hann á Hængsmóttinu á Akureyri, tveim Norðurlandsmótum og Húsavíkurmóttinu. Á öllum þessum mótum komst hann í úrslit, spilaði um bronsverðlaun á ísl.móttinu í einstaklingskeppni, þá varð B-sveit Völsungs með Vilberg Linda Norðurlandsmeistari bæði 2018 og 2019. Árangur Vilbergs Linda á árinu 2019 er glæsilegur, framfarir miklar og er hann nú kominn í röð fremstu bocciaspilara landsins í 1.deild.

Árið 2019 var glæsilegt boccia ár hjá Linda, er hann öflugur liðsmaður í frækilegum hópi fatlaðs íþróttafólks hjá Völsungi, og ávalt félagi sínu Völsungi til mikils sóma og hrókur alls fagnaðar á keppnisferðalögum og félagsstarfi deildarinnar.




Bogfimimaður HSB

Ásgeir Ingi Unnsteinsson – Umf. Efling

Ásgeir Ingi Unnsteinsson, Umf. Eflingu, stóð sig vel í bogfimi árið 2019 en hann keppti með sveigboga. Innanhúss náði hann 2. sæti á Íslandsmóttinu U21 og tók einnig þátt í IceCup mótardöðinni og varð í 3. sæti á janúarmóttinu og í 1. sæti á aprílmóttinu.

Ásgeir fór á í Norðurlandameistaramótið í Danmörku í sumar og endaði í 9. sæti á móttinu eftir útsláttarkeppni og varð næsthæstur þeirra Íslendinga sem kepptu í U21 sveigboga.

Á Íslandsmeistaramóttinu U21 utanhúss varð Ásgeir í 1. sæti og bætti jafnframt Íslandsmetið á 70 metrum upp í 567 stig í U21 flokki.



Frjálsíþróttamaður HSP

Halldór Tumi Ólason – Völsungur

Halldór Tumi átti gott keppnisár 2019. Hann hefur æft vel meðfram skóla á Akureyri og uppsker eftir því. Hans helstu keppnisgreinar eru sprettlaup og langstökk og náði Tumi að bæta sig í nær hverju 60m hlaupi sem hann tók þátt í á árinu og fór hraðast 7,58 sek. Hann náði einnig bætingum í 100 og 200m hlaupum, langstökki og þristökki.

Á MÍ 15-22 ára innanhúss varð hann í 2. sæti í sínum aldursflokki (18-19 ára) með stökki upp á 6,33m og tók svo 4. sæti á MÍ fullorðinna með stökki upp á 6,43m og persónulegu meti. Utanhúss bætti Tumi tíma sinn í 100m hlaupi (11,85 sek, löglegur vindur, 6.sæti) og 200m hlaupi (23,78 sek, meðvindur 7.sæti) á MÍ 15-22 ára. Þá varð hann í 4. sæti í bæði langstökki og þristökki með bætingu í þristökki utanhúss (12,06m, löglegur vindur). Með árangri sínum í langstökki á árinu náði hann 801 stigum skv. stigatöflu Alþjóða Frjálsíþróttasambandsins IAAF og var í 2. sæti yfir bestan árangur 18-19 ára pilta á Íslandi á árinu. Þá er hann kominn í 2. sæti á afreka-lista HSP í 18-19 ára flokki pilta og 3. sæti í karlaflokki í langstökki.



Knattspyrnumaður HSP



Harpa Ásgeirsdóttir – Völsungur

Harpa Ásgeirsdóttir, Völsungi, er þaulreyndur leikmaður og skipaði veigamikinn sess í liði meistaraflokks kvenna í knattspyrnu síðasta sumar en liðið fór taplaust í gegnum tímabilið. Harpa var fyrirliði liðsins og skoraði alls 5 mörk fyrir Völsung sem hampaði í lok sumars deildarmeistaratitli í 2. deildinni og tryggði sér þar með sæti í Inkasso deildinni næsta sumar.

Harpa er samviskusöm og drífandi og krefst þess af samherjum sínum að þeir geri eins og vel og þeir geti. Hún fer fram með góðu fordæmi og leggur sig alltaf 100% fram.

Harpa var valin í lið ársins af þjálfurum og fyrirliðum í 2. deildinni og á lokahófi meistaraflokkanna var Harpa valin besti leikmaður sumarsins.

Skotíþróttamaður HSP

Gylfi Sigurðsson – Skotfélag Húsavíkur

Gylfi Sigurðsson hefur verið virkur í Skotfélagi Húsavíkur um árabíl og sinnir nú sem áður starfi gjaldkera félagsins. Gylfi hefur verið duglegur við æfingar síðastliðið ár í ríffilgreinum og stóð sig frábærlega vel, bæði á mótum sem hann tók þátt í á heimavelli sem og utanbæjar.

Árið byrjaði kröftuglega hjá Gylfi en hann sótti mót inn á Akureyri og tók þátt í tveimur flokkum. Bench rest á 100-200 metrum og í opnum flokki á 200 metrum, Gylfi hafnaði í 1. sæti í báðum flokkum. Þá tók hann þátt í 22 calibera mót á Húsavík snemma í sumar og náði þar 3 sæti. Fljótlega eftir það sótti hann aftur mót inn á Akureyri í 200metra opnum flokk og hafnaði í 2 sæti.

Síðla sumars lagði hann leið sína á Egilsstaði og tók þátt í SKAUST meistararnum (Skotfélag Austurlands) í 100-200 metrum og vann það og því vel að þeim titli kominn, SKAUST meistarinn 2019.

Þá tók hann líka þátt í Íslandsmóttinu í Bench Rest í 100-200 metrum sem haldið var í Reykjavík á Haustdögum. Gylfi endaði þar í 2. sæti en eitt stig skildi að 1. og 2. sætið. Gylfi var ekki hættur og gerði sér lítið fyrir og vann Akureyrarmeistaramótið í 100-200 metrum á mótum sem hann sótti Akureyri. Sigræði það mót örugglega.

Síðasta mót ársins sótti hann um jólin þar sem skotið var í myrkri og völlurinn lýstur upp en því miður þurfti að Gylfi að lúta þar fyrir betri mönnum, náði ekki palli og endaði í 6.sæti.

Óhætt er að segja að Gylfi hafi staðið sig gríðarlega vel síðastliðið ár og náð góðum árangri á landsvísu. Vegna þeirra afreka sem hann náði á árinu tilnefnir stjórn Skotfélags Húsavíkur hann sem íþróttamann ársins á vegum HSP.



Lög Héraðssambands Þingeyinga

1. grein Sambandið heitir Héraðssamband Þingeyinga, skammstafað HSP.
2. grein Tilgangur sambandsins er að efla samhug og samvinnu æskulýðsins í Þingeyjarsýslum og stuðla að fjölbreyttu íþrótt- og félagsmálastarfi aðildarfélaganna og vera málssvari félaganna út á við. HSP skal starfa samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.
3. grein Sambandssvæðið nær yfir sveitarfélögin frá Langanesbyggð í austri til Grýtubakkahrepps í vestri. Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll Ungmenna- og Íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við stefnuskrá UMFÍ og ÍSÍ.
4. grein Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, stjórn og félagatal. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki ársþings sambandsins, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaraðild til næsta ársþings. Innganga nýs aðildarfélags er einnig háð samþykki ÍSÍ á lögum viðkomandi félags.
5. grein Vilji félag ganga úr sambandinu telst úrsögn því aðeins lögmaet að samþykkt hafi verið á löglegum aðalfundi viðkomandi félags, og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSP, sem síðan tilkynnir hana á ársþingi. Eigi getur félag sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fjármunum sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Ekki er skylt að taka úrsögn viðkomandi félags gilda nema félagið sé skuldaust við sambandið.
6. grein Skylt er hverju félagi að greiða til sambandsins tillag fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 16 ára og eldri, og ákveður ársþing upphæð þess hverju sinni. Gjaldlagi er 1. desember og skal aðildarfélögum gefinn kostur á að uppfæra félaga-töl fyrir þann tíma. Nú gerir félag engin skil til sambandsins þrjú ár samfelld. Hefur þá ársþing heimild til að vísa því félagi úr sambandinu, enda skal stjórnin hafa aðvarað það.
7. grein Ársþing skal haldið fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflega með minnst tveggja mánaða fyrirvara. Tillögur um lagabreytingar skal senda stjórninni eigi síðar en fjórum vikum fyrir ársþing og skulu þær kynntar aðildarfélögunum með þingboði. Hvert félag hefur að lágmarki rétt til að senda á ársþing 1 fulltrúa og að hámarki 9 fulltrúa. Hvert félag hefur rétt á einum fulltrúa fyrir hverja 30 skattskylda félaga. Hafi félag 15 eða fleiri þar umfram skal það hafa rétt til fulltrúa fyrir þá. Lögmaett er ársþing þegar mættir eru fulltrúar frá 3/5 virkra aðildarfélaganna, skv. skráningu í Felix, félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert og hafa þeir fulltrúar jafnan rétt og aðrir fulltrúar þingsins. Fulltrúar skulu leggja fram kjörbréf frá viðkomandi félagi / ráði. Eigi má fulltrúi á ársþingi fara með nema eitt atkvæði. Allir félagar innan UMFÍ og ÍSÍ hafa málfrelsi og tillögurétt á ársþingi, en kjörnir fulltrúar einir atkvæðisrétt.
8. grein Ársþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og afgreiðir fjárhagsáætlun yfirstandandi árs. Þingið kys 5 menn í stjórn sambandsins: Formaður skal kosinn árlega, en tveir meðstjórnendur annað hvert ár. Einnig skal kjósa tvo varamenn til tveggja ára, einn annað hvert ár. Varamenn taka sæti í stjórn í sömu röð og þeir voru kosnir. Einnig skal kjósa 2 skoðunarmenn árlega og varamann þeirra. Stjórn sambandsins skiptir sjálf með sér verkum og kys sér varaformann, ritara og gjaldkera. Hver stjórnarmaður getur, að loknu kjörtímabili, skorast undan endurkosningu til jafn langs tíma. Þá skal þingið kjósa í allar aðrar trúnaðarstöður sambandsins sem kosið er í til eins árs í senn. Kosningar skulu bundnar við uppástungur, nema ársþing ákveði annað.
9. grein Stjórn sambandsins annast framkvæmd allra sambandsmála eftir ákvörðunum ársþinga og ákvæðum laga þessara. Hún annast innheimtu sambandsgjalda, tekur á móti því fé sem sambandinu áskotnast, varðveitir það og ávaxtar. Á hverju ársþingi gerir stjórnin grein fyrir störfum sínum á liðnu ári, leggur fram endurskoðaða reikninga um tekjur og gjöld sambandsins og tillögu til fjárhagsáætlunar. Reikningsár er almanaksárið. Stjórnin gefur skýrslu um hag og starfsemi sambandsins til UMFÍ og ÍSÍ samkvæmt lögum þeirra.
10. grein Aukaping skal halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu voru á næsta reglulega þingi á undan, og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.
11. grein Heimilt er stjórn sambandsins að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn. Einnig er stjórninni heimilt að ráða starfsmann á launum til sambandsins um lengri eða skemmri tíma og semja við hann um kaup og kjör. Skylt er stjórninni að gera skriflegan samning í hvert sinn sem slík ráðning fer fram.
12. grein Heimilt er að kjósa heiðursfélaga HSP og veita aðrar heiðursviðurkenningar. Stjórn sambandsins setur reglur þar um sem ársþing staðfestir.
13. grein Einfaldur meirihluti ræður úrslitum á þingi og verði atkvæði jöfn er málið fallið. Ef tveir eða fleiri hljóta jafn mörg atkvæði til að ná kosningu skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti. Lögum verður ekki breytt nema með samþykki 2/3 greiddra atkvæða.
14. grein Stjórn HSP skal styðjast við eftirfarandi dagskrá á ársþingi:
 1. Þingið sett
 2. Starfsmenn þingsins kosnir
 - a) Forsetar
 - b) Ritarar
 3. Kjörbréfanefnd kosin

4. Skýrsla stjórnar og reikningar sambandsins kynntir
 5. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga
 - a) HSP
 - b) Afreksmannasjóður
 - c) Aksturssjóður
 - d) Fræðslusjóður
 6. Álit kjörbréfanefndar
 7. Skýrsla og reikningar borin undir atkvæði.
 8. Ávörp gesta
 9. Matarhlé
 10. Mál lögð fyrir þingið-umræður
 11. Skipan í starfsnefndir-nefndarstörf
 - a) Allsherjarnefnd
 - b) Íþróttarnefnd
 - c) Fjárhagsnefnd
 - d) Laganefnd
 12. Kaffihlé íþróttamenn HSP verðlaunaafhending
 13. Afgreiðsla mála
 14. Kosningar
 - a) Formaður
 - b) Aðalmenn í stjórn
 - c) Varamenn í stjórn
 - d) Skoðunarmenn
 - e) Fulltrúi á íþróttaping ÍSí
 15. Önnur mál
 16. Þingslit
15. grein Lög þessi öðlast þegar gildi og eru með þeim úr gildi numin eldri lög sambandsins. Þannig samþykkt á ársþingi HSP haldið á Laugum í Reykjadal 23. mars 2014.

Reglugerð um aksturssjóð HSP

1. grein Sjóðurinn heitir Aksturssjóður HSP.
2. grein Tilgangur sjóðsins er að taka þátt í ferðakostnaði vegna þátttöku barna og unglinga, 18 ára og yngri, á félagssvæði HSP í skipulögðum íþróttæfingum og/eða skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi, á vegum aðildarfélaga HSP.
Félagssvæði HSP er stórt, dreifbýlt og vegalengdirnar tiltölulega miklar þegar horft er til heildarinnar og aðstæðna. Með sjóðnum er leitast við að gefa börnum og unglingum innan HSP aukin tækifæri til æfinga og þátttöku í skipulögðu félags- og æskulýðsstarfi. Um leið er stutt við skipulagt starf virkra aðildarfélaga HSP í héraði og jafnframt hvatt til aukins samstarfs milli aðildarfélaga HSP þar sem það á við.
3. grein* Eingöngu félagar innan aðildarfélaga HSP geta sótt um styrki úr sjóðnum. Umsækjendur geta verið foreldrar/forráðamenn, hópur foreldra eða aðildarfélög HSP. Til að umsókn geti farið fyrir aksturssjóð HSP þarf akstur á æfingastað að vera umfram 35 km hvora leið. Leitast skal við að sameina í bíla eins og kostur er. Ekki er gert ráð fyrir styrkjum vegna sérstakra æfingabúða utan héraðs.
4. grein Stjórn sjóðsins annast alla úthlutun úr sjóðnum. Hún er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru á ársþingi HSP til þriggja ára, sitt árið hver. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þá skal á hverju ársþingi HSP kjósa einn varamann sem stjórninni er heimilt að kalla til ef fjallað er um mál sem tengjast einhverjum stjórnarmönnum persónulega. Skal þá sá stjórnarmaður víkja fundi.
5. grein Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri HSP.
6. grein Tekjur Aksturssjóðs eru:
 - a) 2,5% af óskiptum lottótækjum HSP
 - b) Tekjur frá Íslenskum getraunum*
 - c) Frjáls framlög og söfnunarfé
 - d) Vaxtatekjur
7. grein Stjórn sjóðsins setur nánari úthlutunarviðmið en gengið er út frá ákveðnum einingatölum fyrir hvern ekinn kílómetra.
8. grein Hægt verður að sækja um styrk frá sjóðnum vegna ferðakostnaðar og verður umsóknarferli auglýst 3 sinnum á ári. Umsóknir eiga að berast á þar til gerðum eyðublöðum sem aðgengileg verða á vef HSP.

Samþykkt á Ársþingi HSP í Stórutjarnaskóla 12. mars 2017 og var þá fyrri reglugerð jafnframt felld úr gildi.

*Breytingar voru samþykktar á 10. Ársþingi HSP í Ýdölum 11. mars 2018 þar sem viðmiðunarvegalengd var lækkuð úr 40 km í 3. grein, og tekjuliður í 6. grein b) liðar var leiðréttur.

Afreksmannasjóður HSP

Reglugerð sjóðsins:

1. grein Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður HSP og er stofnaður á ársþingi HSP 10. apríl 1994.*
2. grein Tilgangur sjóðsins er að styrkja afreksfólk, einstaklinga eða hópa innan HSP sem náð hafa framúrskarandi árangri í íþrótt sinni.
3. grein Eingöngu félagar innan aðildarfélaga HSP geta sótt um styrki úr sjóðnum.
4. grein Stjórn sjóðsins annast alla úthlutun úr sjóðnum. Hún er skipuð þremur mönnum sem kosnir eru á ársþingi HSP til þriggja ára, sitt árið hver. Stjórnin skiptir með sér verkum. Þá skal á hverju ársþingi HSP kjósa einn varamann sem stjórninni er heimilt að kalla til ef fjallað er um mál sem tengjast einhverjum stjórnarmönnum persónulega. Skal þá sá stjórnarmaður víkja fundi.
5. grein Vörslu sjóðsins og reikningshald annast gjaldkeri HSP.
6. grein Tekjur sjóðsins eru:
 - a) 2,5% af óskiptum lottótekjum HSP.
 - b) Frjáls framlög og söfnunarfé.
 - c) Vaxtatekjur.
7. grein Um styrkveitingar:
 - 1) Veita má styrk úr sjóðnum án umsóknar vegna mjög góðrar frammistöðu í eftirtöldum alþjóðamótum:
 - a) Heimsmeistaramótum
 - b) Evrópumeistaramótum
 - c) Norðurlandameistaramótum
 - d) Ólympíuleikum
 - 2) Heimilt er að veita styrk úr sjóðnum ef viðkomandi hefur verið valinn í landslið.
 - 3) Ennfremur er heimilt að veita styrk til þeirra sem standa framarlega í sinni grein miðað við styrkleikaflokkun sérsambanda (sé hún til).
 - 4) Einnig getur sjóðsstjórn veitt styrki til einstaklinga eða hópa þó ekki liggi fyrir skrifleg umsókn viðkomandi, telji hún það samrýmast reglum sjóðsins.
8. grein Styrkupphæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.
9. grein Til að hljóta styrk geta íþróttamenn aðrir en um getur í 7. grein sótt skriflega um til sjóðsstjórnar. Í umsókn skal gera grein fyrir ástæðum hennar og þurfa umsóknir að vera undirritaðar af formanni viðkomandi aðildafélags. Umsóknir og úthlutanir úr sjóðnum geta farið fram á hvaða árstíma sem er.*

*Breytingar samþykktar á Ársþingi HSP haldið í Stórutjarnaskóla 12. mars 2017

Reglugerð fræðslusjóðs HSP

1. grein Sjóðurinn heitir Fræðslusjóður HSP.
2. grein Tilgangur sjóðsins er að auka menntun og þekkingu félaga innan HSP á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi, með því að sækja námskeið, fundi og ráðstefnur ef stjórn sambandsins álitur það íþrótt- og félagslífi í héraði til framdráttar.
3. grein Aðalstjórn HSP sér um úthlutanir úr sjóðnum.
4. grein Vörslu sjóðsins og reiknishald annast gjaldkeri/starfsmaður HSP.
5. grein Tekjur sjóðsins eru: a. Ársþing HSP ákveði framlag til sjóðsins ár hvert að lágmarki kr. 150.000.- b. Frjáls framlög og söfnunarfé. c. Vaxtatekjur.
6. grein Öll aðildarfélög innan HSP og félagsmenn þeirra eiga rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum. Umsóknir vegna yfirstandandi árs þurfa að berast skrifstofu HSP á þar til gerðu eyðublaði fyrir 15. nóvember ár hvert og skulu undirritaðar/staðfestar af formanni viðkomandi aðildarfélags. Skila þarf staðfestingu á greiðslu námskeiðsgjalda með umsókn
7. grein Styrkupphæðir taka mið af fjármagnsgetu sjóðsins og skal sjóðsstjórn setja sér vinnureglur varðandi úthlutun. Styrkupphæðir geta þó aldrei numið hærri upphæð en útlögðum kostnaði styrkþega. Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlegra verkefna hreyfingarinnar
8. grein Sjóðsstjórn skal skila skýrslu til HSP þar sem gerð er grein fyrir styrkveitingum og fjárreiðum sjóðsins í lok hvers árs.

Samþykkt á ársþingi HSP í Skjólbrekku 10. mars 2019.